

BJARKI RAFN ALBERTSSON

### Róið á kvöldin með kajakklúbbnum

• heilsa • nám

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



HAFNARFJÖRÐUR

### Ferðalög, kung fu og færeyskir tónar

Sérblað um Hafnarfjörð

FYLGIÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG



JÓNÍNA BENEDIKTSÓTTIR

### Heldur námskeið með IronMan

Fjallar um hreinsun líffæra með grænmeti.

FÓLK 30



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. september 2008 — 266. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Ánægjulegir endurfundir

Stjörnurnar úr söngleiknum Bugsy Malone, sem settur var upp í Loftkastalanum fyrir tíu árum, gerðu sér glaðan dag um helgina.

FÓLK 22



### Laganám í aldarspegli

Lagadeild Háskóla Íslands fagnar aldarafmæli.

TÍMAMÓT 18

### Vitleysa í sjónvarp

Pórhallur Pórhallsson og Eyvindur Karlsson stýra nýja þættinum Vitleysu á sjónvarpsstöðinni INN.

FÓLK 30



### Bestur þegar mest lá við

FH-ingurinn Guðmundur Sævarsson er leikmaður lokaumferðar Landsbankadeildar hjá Fréttablaðinu.

ÍPRÓTTIR 26



## VEÐRIÐ Í DAG



**NORDAN KALSI** Í dag verða víðast norðan 5-13 m/s, hvassast NV-til. Skúrir eða slydduél norðan til og austan með snjóéljum á heiðum. Dáltil rigning suðvestan til fyrir hádegi. Hiti 0-8 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON GENGUR Í ÁTT AÐ STJÓRNARRÁÐINU Í GÆRKVÖLDI Sigurjón P. Árnason og Halldór J. Kristjánsson elta. Forsvarsmenn Landsbankans áttu klukkustundar langan fund með Geir H. Haarde forsætisráðherra í gærkvöldi. Enginn vildi tjá sig eftir fundinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

# Landsbankamenn á kvöldfundi í forsætisráðuneytinu

Björgólfur Thor Björgólfsson og bankastjórar Landsbankans ræddu við forsætisráðherra um samruna Landsbanka og Glitnis á kvöldfundi. Lánalínur og lánsloforð til Glitnis voru afturkölluð fyrir helgi.

**VIÐSKIPTI** Íslenska ríkið eignaðist 75 prósentu hlut í Glitni í gær. Landsbankamenn áttu fund með forsætisráðherra í gærkvöldi og ræddu sameiningu við Glitni.

„Þú færð ekkert út úr mér,“ sagði Björgólfur Thor Björgólfsson við blaðamann Fréttablaðsins, þegar hann gekk út úr stjórnarráðinu, eftir kvöldfundinn með Geir H. Haarde, forsætisráðherra, ásamt bankastjórum Landsbankans.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ræddu þeir við forsætisráðherra um stöðu mála í fjármálaheiminum, í kjölfar kaupa ríkisins á hlut í Glitni.

Heimildir herma að Landsbankamenn sýni því áhuga að sameinast Glitni. Tilgangur þess yrði að tryggja trausta eiginfjárstöðu sameinaðs banka. Raunar er einnig sagt að aðeins hafi verið skipst á skoðunum um stöðu mála. Enginn tjáir sig opinberlega.

Stjórnendur Glitnis óskuðu eftir fyrirgreiðslu um þessa upphæð frá ríkinu fyrir helgi. Bankinn hafði lánalínur frá þýska Landesbankanum, auk skriflegs fyrirheits frá Nordeabankanum í Svíþjóð. Síðarnefnda fyrirheitið gekk til baka á þriðjudag og í kjölfar nýlegrar lán-töku íslenska ríkisins til styrkingar

## Lánshæfismat ríkisins lækkað

Standard & Poors lækkaði í gærkvöldi lánshæfismat íslenska ríkisins. Þá var horfum breytt úr stöðugum í neikvæðar.

Fram kemur að lágur skuldir ríkisins geri því kleift að standa við yfirlýsingar um Glitni auk þess að geta séð fjármálakerfinu fyrir lausafé til skamms tíma reynist þess þörf. Stærð fjármálakerfisins gagnvart ríkinu geti þó haft neikvæð áhrif.

Matsfyrirtækið hefur einnig lækkað lánshæfiseinkunn Glitnis. Þar eru horfur enn taldar neikvæðar.

gjaldeyrissvarafordans ákvað þýski bankinn óvænt að innkalla lánalínur Glitnis þar sem áhætta gagnvart íslenskum lántakendum væri orðin of mikil.

Davíð Oddsson, Seðlabankastjóri sagði í gær, að ýmsar leiðir hefðu verið ræddar. „Margvíslegar markaðslausnir,“ hafi komið til greina.

- bih, ikh - sjá síður 4, 6, 8, 10 og 14

**TOYS R US**

NÚNA ERU ÞAÐ EINUNGIS 5,760 MÍNÚTUR ÞAR TIL VIÐ OPNUM Í GRAFARVOGI

KORPUTORG 112 REYKJAVÍK

Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs, harðorður í garð Seðlabankans

## Þjóðnýtingin óhugnanleg

**VIÐSKIPTI** „Þessi atburðarás kemur mér verulega á óvart og er maður þó orðinn ýmsu vanur úr þessari átt,“ segir Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs og stærsti eigandi Glitnis sem var þjóðnýttur í gær.

Jón Ásgeir segir að erlendir bankar hafi óvænt sagt upp lánalínunum og fyrir vikið hafi fulltrúar Glitnis leitað aðstoðar í Seðlabankanum um tímabundna fyrirgreiðslu sambærilega þeirri sem seðlabankar annarra landa hafi veitt síðustu daga án þess að þjóðnýting hafi komið til.

„Af þessum sökum er óskiljanlegt að Seðlabankinn hafi brugðist við þessum hætti, en jafnframt

afar óhugnanlegt,“ segir Jón Ásgeir.

Jón Ásgeir segir tilgang viðræðna Glitnis við Seðlabankann aldrei hafa verið þann að óska eftir neyðarhjálp eða nýju hlutfé. „Okkur var stillt upp við vegg. Við sögðum fulltrúum ríkisstjórnarinnar að við teldum þessa leið alveg fráleita, enda gæti hún haft víðtæk áhrif á allt fjármálakerfið hér á landi og væri í engu samræmi við eignasafn félagsins.“

Jón Ásgeir gagnrýnir harðlega þann hraða sem hafi einkennt málið allt, það hafi verið keyrt áfram. „Þetta er greinilega hluti af einhverju stærra og meira plotti sem við munum sjá betur

hvað er á næstunni. Hluthafar eru grímulaust hlunnfarnir og maður hreinlega trúur því ekki að ríkissjóður sé notaður til að færa fjármuni frá einum aðila til annars með þessum hætti. Það er alveg ljóst að hluthafar í Glitni munu nýta tímann vel fram að hluthafafundi til að leita annarra leiða. Þessi er sú allra versta sem í boði er,“ segir Jón Ásgeir.

„Þetta er stærsta bankarín Íslandssögunnar og augljóslega hluti af stærri átökum sem hafa ekki farið fram hjá neinum. Nú hafa menn náð ákveðnum hefndum og hljóta að vera ánægðir,“ segir hann enn fremur.

- bih / sjá síðu 4

**OPNUM EFTIR**

**4**

**DAGA!**

**RÚMFATA LAGERINN**  
HERBERGID • BABID • HEIMLID

KORPUTORGI



Guðbjörg, hafa þessi börn braggast vel?

„Já. Betur en margir aðrir í þjóðfélaginu.“

Guðbjörg Benjamínsdóttir skipuleggur þessa dagana endurfundi barna sem bjuggu í braggahverfunum við Suðurlandsbraut, Múlakampi og Herskálakampi.

Veikindi utanríkisráðherra:

## Heilsast vel eftir aðgerð

**STJÓRN MÁL** Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra heilsast vel, eftir að hún gekkst undir aðgerð á Mount Sinai

sjúkrahúsinu í gær.

Veikindi hennar uppgötvuðust fyrir um viku síðan og eru rakin til meins í fjórða heilavökvahólfi, segir í tilkynningu frá ráðuneytinu.

Ákveðið var að hún færi í aðgerðina í

Bandaríkjunum í kjölfar rannsóknna síðastliðinn föstudag og í samráði sérfræðinga á Landspítala og lækna á sjúkrahúsinu ytra.

Óvíst er hversu lengi ráðherra verður frá vinnu vegna þessa.

- kóp

365 og Árvakur:

## Árangursríkar viðræður

**FÖLMIÐLAR** „Þetta hafa verið mjög gagnlegar viðræður, þótt endanleg ákvörðun liggi ekki fyrir,“ segir Ari Edwald, forstjóri 365, en góður gangur hefur verið síðustu daga í viðræðum stærstu eigenda Árvakurs hf., útgáfufélags Morgunblaðsins og 24 stunda, og 365 hf., sem rekur meðal annars Fréttablaðið, Bylgjuna og Stöð 2.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er gert ráð fyrir að Fréttablaðið og Pósthúsið renni inn í Árvakur hf. og eignist 365 með því hlut í félaginu.

Ari segir að þetta hefði engin áhrif á útgáfu Fréttablaðsins, en mikið hagræði geti legið í samstarfi á sviði framleiðslu og dreifingu.

Viðskiptin yrðu háð samþykki Samkeppniseftirlitsins.

- bih



Ekki sneiða hjá þessum

Veldu létt og mundu eftir ostinum!


Fráfarandi lögreglustjóri á Suðurnesjum fagnar rannsókn á flóttamannarassíu:

## Fólkið lá ekki undir grun

**FLÓTTAMENN** Enginn var handtekinn í framhaldi af aðgerð lögreglu og Útlendingastofnunar, þann 11. september, þegar lögregla réðst inn til 42 hælisleitenda í Reykjanesbæ, staðfestir Jóhann R. Benediktsson, fráfarandi lögreglustjóri á Suðurnesjum.

Aðgerðin er nú rannsökuð fyrir Rauða kross Íslands af lögmannastofu. Hefur Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri RKÍ, sagt að svona aðgerðir eigi að byggja á rökstuddum grun og að eftirtekjur af rassíunni hafi verið rýrar, enda enginn handtekinn.

En Jóhann segir að fólkið hafi ekki verið grunað um glæp.



JÓHANN R. BENEDIKTSSON

HAUKUR GUÐMUNDSSON

„Nei, það sem við grunuðum þetta fólk um var það sem kom á daginn; að þau væru með skilríki

og að leyna uppruna sínum og að torvelða rannsókn málsins. En við fögnum þessari rannsókn, hún mun vonandi leiða í ljós að meðalhófs hafi verið gætt og allra réttinda þeirra sem leitað var hjá,“ segir Jóhann.

Haukur Guðmundsson hjá Útlendingastofnun segir það „nýstárlega hugmynd hjá Rauða krossinum að fela lögmönnum sínum að fara yfir niðurstöðu dómstóla eða yfir framkvæmd þar sem lögmaður var skipaður til að gæta hagsmuna þolenda. Það er þó enn nýstárlegra að slíkt verkefni lögmanna Rauða krossins eigi að kallast óháð rannsókn.“ - kóp / sjá síðu 12

## Bjargaði bílstjóra úr brennandi bifreið

Vegfarandi bjargaði bílstjóra úr logandi bíl skammt frá Laugardalnum í gær. Gaskútur sprakk í bílnum sem varð aelda rétt eins og bíll bjargvættarinnar. Þetta er í annað sinn sem hann bjargar bílstjóra í bráðum háska.

**SLYS** Þráinn Bj. Farestveit framkvæmdastjóri bjargaði öikumanni út úr brennandi bíl á Reykjavegi um klukkan hálf fimm í gær. Að sögn lögreglunnar hafði gaskútur í bíl mannsins sprungið en eldurinn fór einnig yfir í bíl Þráins og urðu báðir bílarnir fljótlega aelda.

„Ég kom keyrandi út úr hringtorginu, þá verður þessi rosalega sprenging í bílnum sem er á undan mér,“ segir Þráinn. „Ég sé að bíllinn er í ljósum logum og það er maður inni í bílnum svo ég fer út úr bílnum mínum og fer að huga að manninum. Þegar ég kem að þá sé ég að hann er greinilega nokkuð illa bruninn, það logaði til dæmis enn í hárinu á honum. Ég náði að slökkva þar sem logaði í honum. Ég hugsaði náttúrulega um það fyrst að reyna að koma honum út úr bílnum og því gafst mér ekki færi á að reyna að slökkva eldinn í bílnum tveim. En það var ekki hægt að opna dyrnar á bíl mannsins. Hurdírnar hafa greinilega orðið fyrir svo miklum þrýstingi að þær urðu óvirkar svo ég varð að reyna að koma honum út um gluggann. Það gekk reyndar nokkuð erfiðlega til að byrja með því hann var í belti og vildi ekki þýðast mig þegar ég var að reyna að biðja hann um að losa sig. Kannski heyrði hann ekkert í mér eða var bara í svo miklu ójafnvægi. Þegar það tókst að koma honum úr bílnum sá ég að bíllinn var orðinn aelda.“

Maðurinn var fluttur á spítala en ekki er vitað frekar um líðan hans.



Á VETTvangi Hér er Þráinn á vettvangi. Hann bjargaði lífi manns sem ók um Reykjaveg þegar gaskútur sem var í bíl hans sprakk.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þetta er í annað sinn sem Þráinn kemur bílstjóra í bráðum háska til hjálpar því fyrir tveimur árum kom hann að slysstað á Hellisheiði. Í flaki bílsins var ung kona sem var klemmd þannig að ekki var hægt að ná henni út en Þráinn náði að beygja til bílsæti sem þrængdi svo að henni að hún náði ekki andanum. „Í báðum þessum tilfellum fór betur en á horfðist,“ segir Þráinn. Spurður hvort hann hafi þegið einhverja áfallahjálp eftir slysið á Reykjavegi segir hann: „Nei, ég var reyndar að koma úr Laugum þegar þetta kom upp á, ætli ég fari ekki þangað



BÍLLINN Í LJÓSUM LOGUM Ekki leið á löngu uns bíllinn varð aelda.

MYND/SIGURDUR BJARNI GÍSLASON

aftur og taki á því til að ná stressinu úr mér.“

jse@frettabladid.is

Þingflokkur Frjálslyndra:

## Jón formaður

**STJÓRN MÁL** Jón Magnússon var kjörinn formaður þingflokks Frjálslynda flokksins í gær. Tekur hann við embættinu af Kristni H. Gunnarssyni en grunnt hefur verið á því góða milli þeirra að undanfögnu.

„Ég er mjög ósáttur,“ sagði Kristinn í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi. „Formaðurinn hafði áður tilkynnt að hann hygðist ekki gera breytingar en hann hefur greinilega látið undan þrýstingi, hótunum og ófrægingarherferð Nýs afls.“

Spurður hvort hann ætli að starfa áfram innan Frjálslynda flokksins svaraði Kristinn: „Það mun skýrast fljótlega.“ - bps



VEL BÚNIR Lögreglumennirnir sem handtöku hælisleitandann voru vel búnir.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

Lögregluaðgerð á Fitjum:

## Hælisleitandi handtekinn

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum handtók í gær mann á Fitjum við Njarðvík. Maðurinn er hælisleitandi og hefst við í húsnæði, sem ætlað er þeim, við Fitjar.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni var maðurinn með yfirgang og talinn hættulegur umhverfi sínu; þar með talið öðrum hælisleitendum. Ekki fékkst uppgæfið í hverju sú ögn fólst.

Sérsvaitarmenn voru kallaðir á staðinn og aðspurð sagði lögreglan að þeir hefðu verið á svæðinu og því kallaðir til. Það væri alvanalegt við svona aðstæður og ekki sérstaklega tengt því að um hælisleitanda var að ræða.

- kóp

Morð í Dóminíska lýðveldinu:

## Rannsókn er enn ekki lokið

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn á morðinu á Hrafnhildi Lilju Georgsdóttur, sem fannst látin í Cabarete í Dóminíska lýðveldinu á mánudag fyrir viku, er enn í fullum gangi samkvæmt upplýsingum sem upplýsingadeild lögreglunnar þar í landi veitti Fréttablaðinu.

Alþjóðadeild Ríkislögreglustjóra hefur verið í sambandi við Interpol í Dóminíska lýðveldinu að sögn Smára Sigurðssonar, yfirmanns deildarinnar.

- jse

Fulltrúadeild Bandaríkjaþings hafnar björgunaráætlun fyrir fjármálakerfið:

## Mesta hrun í sögu Wall Street

**BANDARÍKIN** Bandaríkjaþing felldi í gær naumlega frumvarp um 700 milljarða dala björgunaráætlun fyrir fjármálakerfi landsins. Tveir þriðju repúblíkana greiddu atkvæði gegn, og fjórir af hverjum tíu demokrotum.

Andstæðingar frumvarpsins segja það hroðvirknislega unnið og að auki sé allsendis óljóst að það muni binda endi á fjármálakreppuna. Demókratar gagnrýndu þingflokksforystu repúblíkana fyrir að hafa svikist um að tryggja frumvarpinu stuðning, en margir þingmenn repúblíkana sögðust ósáttir við að demókratar hefðu reynt að gera frumvarpið flokkspólítískt, og bentu meðal annars á ræðu Nancy Pelosi sem fylgdi frumvarpinu úr hlaði með mjög harðri gagnrýni á efnahagsstefnu ríkis-


stjórnar Bush. Forystumenn beggja flokka hafa heitið því að gera aðra tilraun til að koma frumvarpinu í gegn sem fyrst.

Hlutabréf féllu þegar við opnun markaða, en verðfallið breyttist í hrun eftir að ljóst var um afdrif frumvarpsins. Dow Jones hlutabréfavisitalan féll um sjö prósent eða 777,68 punkta, en hún hefur aldrei fallið jafn mikið á einum degi. Markaðsvirði skráðra félaga rýrnaði um 1.200 milljarða dollara, sem er mesta verðyrnun á einum degi í sögu kauphallarinnar.

-msh

**HRUN** Verðfall gærdagsins er hið versta í sögu Wall Street.

FRÉTTABLAÐIÐ/PA





ÞAKT 'EG  
AÐ HAFA  
'AHYGGJUR?

HVITA HÚSÍÐ/SA - 08-1370

## OPINN FJÁRMÁLAFUNDUR

MIÐVIKUDAGINN 1. OKTÓBER Á HILTON REYKJAVÍK NORDICA HOTEL, KL. 20.00

### DAGSKRÁ

- 19.30 **Húsið opnað**  
Ráðgjafar Glitnis veita persónulega ráðgjöf í anddyri.
- 20.00 **Fundur settur**  
**Birna Einarsdóttir**, framkvæmdastjóri viðskiptabanka Glitnis á Íslandi.
- 20.10 **Staða Glitnis í breyttu umhverfi**  
**Lárus Welding**, forstjóri Glitnis.
- 20.25 **Hvert stefnir í fjármálum heimilanna?**  
**Ingólfur Hreiðar Bender**, forstöðumaður Greiningar Glitnis, fjallar um fjárhagslega stöðu heimilanna. Hvernig munu helstu áhrifaþættir fjárhagsstöðu þeirra þróast á næstunni? Hvert stefnir gengi krónunnar, vextirnir, verðbólgan, atvinnuleysið, kaupmátturinn og húsnæðisverðið? Hver verða áhrifin á heimilin?
- 20.45 **Sparnaður – tækifæri og áhætta**  
**Sigurður B. Stefánsson**, sjóðstjóri hjá Glitni sjóðum, fjallar um það hvernig huga eigi að sparnaði í dag, hvar tækifærin liggja og hvað ber að forðast.
- 21.05 **Hvernig tekst ég á við fjármálin?**  
**Lilja Pálsdóttir**, útibússtjóri Glitnis Þarabakka, fjallar um gildi þess að horfast í augu við fjármálin og taka þau föstum tókum.
- 21.25 **Spurningar og svör**
- 21.40 **Fundi slitið**

Fundarstjóri er Heimir Karlsson, fjölmiðlamaður.

► Vinsamlega skráðu þátttöku þína á [glitnir.is](http://glitnir.is) eða í þjónustuveri Glitnis í síma **440 4000**.  
Allir velkomnir, en sætafjöldi er takmarkaður.

Lokað verður fyrir skráningu miðvikudaginn 1. október kl. 12.00.  
Við vonum að þú sjáir þér fært að mæta og hlökkum til að sjá þig.

Starfsfólk Glitnis.

**GLITNIR**

## HAMFARIR Á FJÁRMÁLAMARKAÐI

STOÐIR

GLITNIS

GENGIÐ 29.09.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	99,28	99,76
Sterlingspund	178,94	179,8
Evra	142,45	143,25
Dönsk króna	19,09	19,202
Norsk króna	17,195	17,297
Sænsk króna	14,703	14,789
Japanskt jen	0,9345	0,9399

SDR 154,45 155,37

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

187,0252

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## Davíð kynnti samkomulag: Seðlabankinn milligönguadili

Eðlilegar ástæður eru fyrir því að Davíð Oddsson seðlabankastjóri



DAVÍÐ ODDSSON

Seðlabankinn hafði milligöngu um samkomulagið og sá um að greiða 600 milljónir evra til Glitnis. Því þótti eðlilegt að seðlabankastjóri kynnti samkomulagið, segir Bolli. Það sé einnig í takt við það verklag sem viðhaft hafi verið í Danmörku og víðar erlendis.

## Áfall segir Félag fjárfesta: Hlutur rýrnar um 85 prósent

Verðmæti hlutabréfa hluthafa í Glitni rýrnaði um um það bil 85 prósent við



VILHJÁLMMUR BJARNASON

aðgerðir ríkisstjórnarinnar, segir Vilhjálmur Bjarnason, viðskiptafræðingur og framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta. Hann segir að allir sjái að fréttir gærdagsins séu gríðarlegt áfall fyrir hluthafa í Glitni. Um 11 þúsund einstaklingar og félög eiga hlut í félaginu. Skerðist verðmæti hluta um 85 prósent er verðmæti hlutabréfa sem fyrir helgi hefðu selst á eina milljón króna nú um 150 þúsund krónur.

# „Stærsta bankarán Íslandssögunnar“

Jón Ásgeir Jóhannesson sakar Seðlabankann um óbilgirni og segir útspil um þjóðnýtingu „óhugnanlegt“. Þjóðnýting á genginu tveimur sé stærsta bankarán Íslandssögunnar og allt verði gert til að koma í veg fyrir að af henni verði.

„Þessi atburðarás kemur mér verulega á óvart og er maður þó orðinn ýmsu yvanur úr þessari átt,“ segir Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs og stærsti eigandi Stoða hf., sem var kjölfestufjárfestir í Glitni banka, með 32 prósent hlut.

Jón Ásgeir segir að erlendir bankar hafi óvænt sagt upp lána-linum og fyrir vikið hafi fulltrúar Glitnis leitað aðstoðar í Seðlabankanum um tímabundna fyrirgreiðslu gegn veðum í fjármála-gerningum, eða svokölluð REPO-viðskipti. „Danski seðlabankinn hefur gert fjölmarga slíka samninga og sómuleiðis seðlabankar Bretlands og Bandaríkjanna. Í þeim tilvikum hefur oft verið um að ræða banka með veika eiginfjárstöðu og tap af starfsemi í jafnvel fleiri en einn ársfjórðung. Ekkert af þessu á við Glitni sem er vel rekinn banki með gott eiginfjárhlutfall og góðan hagnað. Af þessum sökum er óskiljanlegt að Seðlabankinn hafi brugðist við með þessum hætti en jafnframt afar óhugnanlegt,“ segir Jón Ásgeir.

Hann segir tilgang viðræðna við Seðlabankann aldrei hafa verið þann að óska eftir neyðarhjálpi eða nýju hlutafé. „Okkur var stillt upp við vegg. Við sögðum fulltrúum ríkisstjórnarinnar að við teldum þessa leið alveg fráleita enda gæti hún haft víðtæk áhrif á allt fjármálakerfið hér á landi og væri í engu samræmi við eignasafn félagsins.“

Spurður um hvort verjandi hefði verið fyrir Seðlabankann að lána svo mikið fé án þess að eignast um leið hlutafé í bankanum, segir Jón Ásgeir að hagsmunir almennings séu í engri hættu og þessi beiðni væri í samræmi við það sem væri gert í erlendum seðlabönkum. „Verði af þessari þjóðnýtingu mun hagnaður ríkisins til lengri tíma verða gífurlegur, að minnsta kosti þrefalt það sem nú er lagt til bankans. Það er reyndar það eina jákvæða sem maður sér í þessu, að skattborgarar geti hugsanlega borið eitthvað úr býtum ef svona fer.“

Jón Ásgeir gagnrýnir harðlega þann hraða sem hafi einkennt málið allt, það hafi verið keyrt áfram og öllum stillt upp við vegg. „Þetta er greinilega hluti af einhverju stærra og meira plotti sem



Þetta er stærsta bankarán Íslandssögunnar og augljóslega hluti af stærra átökum sem hafa ekki farið framhjá neinum.

JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON gagnrýnir harðlega þann hraða sem hefur einkennt málið allt, það hafi verið keyrt áfram og öllum stillt upp við vegg.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

við munum sjá betur hvað er á næstunni. Hluthafar eru grímu-laust hlunnfarnir og maður hreinlega trúir því ekki að ríkissjóður sé notaður til að færa fjármuni frá einum aðila til annars með þessum hætti. Það er alveg ljóst að hluthafar í Glitni munu nýta tímann vel fram að hluthafafundi til að leita annarra leiða. Þessi er sú allra versta sem í boði er,“ segir Jón Ásgeir og bendir á að forsvarsmenn Stoða hafi fundað með viðskiptaráðherra í gær. Þar hafi komið fram að takist að finna aðra fjármögnun á næstu dögum muni aðkoma ríkisins verða endurskoðuð og dregin til baka. „Við munum skoða alla möguleika, líka samstarf eða sameiningu við aðra

banka. Þetta er svo hróplega ósanngjörn niðurstaða.“

Jón Ásgeir segist undrast hversu lítið ráðherrar Samfylkingarinnar hafi komið að svo stóru máli, ljóst sé að enn snúist allt um leikstjórnann eina og sanna sem nú haldi til í Seðlabankanum. „Þetta er stærsta bankarán Íslandssögunnar og augljóslega hluti af stærra átökum sem hafa ekki farið fram hjá neinum. Nú hafa menn náð ákveðnum hefndum og hljóta að vera ánægðir,“ segir hann og neitar því að standa uppi eignalaus í dag, en þetta sé auðvitað „veruleg blóttaka“ og augljóslega „versta áfall“ sem hann hafi orðið fyrir á sínum viðskiptaferli.

bjorn.ingi@markadurinn.is

## Aðrar hugmyndir að lausn: Náðist ekki vegna tímappressu

„Fulltrúar Landsbankans komu að viðræðum við eigendur Glitnis og yfirvöld vegna þessarar stöðu á sunnudag og fram eftir sunnudagskvöldi.“

Þá voru ræddir möguleikar á þríliða samkomulagi Landsbankans, Glitnis og ríkissjóðs og Seðlabankans. Ekki gafst tími til að útfæra það frekar, þar sem tímappressan var mikil,“ svarar Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfssfeðga, spurður hvort eigendur Landsbankans hafi komið með innlegg eða tilboð í umræður Seðlabankans og stjórnenda Glitnis áður en tekin var ákvörðun um þjóðnýtingu.

Ásgeir segir að ekki sé rétt að tala um beinar tillögur eða tilboð í þessum efnum, en margt hafi verið rætt. „Þegar komið var seint fram á kvöld var orðið ljóst að þetta náðist ekki fyrir tilsettan tíma, sem var opnun markaða. Þetta var of fljóki til þess,“ segir Ásgeir. Ekki liggur fyrir hvort Landsbankinn verður fyrir miklu tapi vegna þjóðnýtingar Glitnis eða greiðslustöðvunar Stoða.

Ásgeir segir ekki öll kurl komin til grafar í þeim efnum og bankinn geti ekki tjáð sig um málefni eða fjárhagsstöðu einstakra viðskiptavina.

- bih

## Lítil svör um bolmagn ríkisins: Aðrir bankar standa vel

Hvorki Geir H. Haarde forsætisráðherra né Davíð Oddsson seðlabankastjóri vildu veita skýr svör um það hvort ríkið hafi burði til þess að aðstoða aðra íslenska banka með sambærilegum aðferðum og notaðar voru til að bjarga Glitni frá gjaldþroti.

„Ég á ekki von á því að það muni reyna á það, þeir standa það vel og ekki líklegt að þeir þurfi að leita eftir aðstoð ríkisins,“ sagði Geir á fréttamannafundi í gær.

„Það fer eftir því hvað er verið að tala um mikinn stuðning. Bankarnir eru auðvitað gríðarlega stórir. Efnahagsreikningur bankanna er áttíð þjóðarframléiðsla,“ sagði Geir enn fremur.



GEIR H. HAARDE

## VEÐURSPÁ




Sigurður Þ. Ragnarsson  
veður-  
fræðingur

### VETURINN MINNIR Á SIG

Í nótt var víða nætur-frost og í dag verður frost til landsins og hiti lítið eitt yfir frostmarki norðan- og austanlands. Nokkur úrkoma er í þessu með landinu norðan og austanverðu sem verður yfirleitt á slydduformi í dag. Seint í kvöld og nótt má hins vegar búast við töluverðri snjókomu norðaustan til.

Á MORGUN  
8-13 m/s

FIMMTUDAGUR  
Norðan 8-13 m/s



### HEIMURINN

Kaupmannahöfn	13°
Billund	14°
Ósló	7°
Stokkhólmur	12°
Gautaborg	14°
London	16°
Paris	16°
Frankfurt	12°
Friedrichshafen	15°
Berlín	12°
Alicante	25°
Mallorca	25°
Basel	16°
Eindhoven	14°
Las Palmas	26°
New York	22°
Orlando	29°
San Francisco	18°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.

## Aðalfundur Vinstri grænna í Reykjavík og OPINN FUNDUR UM EFNAHAGSMÁL

Aðalfundur Vinstri grænna í Reykjavík verður haldinn í kvöld klukkan 20-21 á Vesturgötu 7

Í beinu framhaldi verður OPINN FUNDUR UM EFNAHAGSMÁL

Öll velkomin



# HAUSTDAGAR QASHQAI Á GÓÐU VERÐI

## VERTU Á NISSAN Í VETUR

Ingvar Helgason og Nissan hafa gert með sér tímamótasamkomulag um stórfellda verðlækkun á nýjum Nissan bifreiðum. Fremur en að lagfæra birgðastöðuna með því að endursenda umframbíla til framleiðanda með tilheyrandi kostnaði, lækkum við verð þeirra tímabundið svo um munar og látum viðskiptavinum okkar njóta þess. Komdu og skoðuðu úrvalið á hlaðinu hjá okkur og tryggðu þér nýjan Nissan.



### Nissan Qashqai SE

Verð áður: 3.990.000 kr. sjálfskiptur

Lækkað verð: **3.590.000 kr.** sjálfskiptur

**- 400.000 kr.**



#### Staðalbúnaður Qashqai SE

2WD – 4WD og 4WD "lock"-stillingar  
SE áklæði  
Vökvastýri  
16" álfelgur  
Veltistýri  
Pokuljós  
Sam læsing  
ESP

ABS hemlalæsisvörn  
Samlitir speglar  
EBD  
Samlitir hurðarhúnar  
6 öryggisþúðar  
"Cruise control"  
3ja punkta beltí í öllum sætum  
Stafræn tvöföld loftkæling

Bakskynjari  
Aksturstölva  
Regnskynjari  
Fjarstýringar í stýri fyrir útvarp og síma  
Aðfellanlegir útispeglar með rafmagni  
6 diska geislaspilari  
"Bluetooth"  
Kælir í hanskahólfi

Hækka og lækka ökusæti  
CVT með 6 gira handskiptimöguleika  
( bensin )  
6 þrepa sjálfskipting ( dísel )  
Rafdrifnar rúður  
Loftkæling  
Útvarp og geislaspilari  
Hiti í sætum


**- 560.000 kr.**



#### Nissan X-Trail dísil SE

Verð: 4.850.000 kr. sjálfskiptur  
Lækkað verð: **4.290.000 kr.** sjálfskiptur

**- 900.000 kr.**



#### Nissan Patrol SE

Verð áður: 6.390.000 kr. sjálfskiptur  
Lækkað verð: **5.490.000 kr.** sjálfskiptur

**- 500.000 kr.**



#### Nissan Tiida Visia+

Verð: 2.990.000 kr. sjálfskiptur  
Lækkað verð: **2.490.000 kr.** sjálfskiptur

**- 420.000 kr.**



#### Nissan Note Visia

Verð áður: 2.610.000 kr. sjálfskiptur  
Lækkað verð: **2.590.000 kr.** sjálfskiptur

## 24 tíma þjónusta alla daga ársins

Þú hefur aðgang að **24 tíma neyðarþjónustu, 365 daga á ári**, í öllum löndum Evrópu á ábyrgðartíma nýja Nissan bílsins þíns. Þú ferð sjálfkrafa í þjónustuna þegar þú eignast Nissan og vegaaðstoðin er þér að kostnaðarlausu. Í henni felst m.a. viðgerð á óvæntri bilun, hvar sem hún á sér stað á merktum vegi, dráttarþjónusta á næsta þjónustuverkstæði ef nauðsyn krefur og lánsbíll eða leigubíll, lestar- eða flugfar, ef bíða þarf eftir varahlut og langt er heim. Sjá nánari skilmála í bæklingnum Nissan vegaaðstoð.




Ingvar Helgason, Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940  
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

## HAMFARIR Á FJÁRMÁLAMARKAÐI

STOÐIR

GLITNIR



**VIÐSKIPTAVINUR** Herdís gat ekki tekið út sparifé sitt í gær en var fegin að heyrast að ríkið hefði keypt hlutafé í Glitni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Viðskiptavinir Glitnis:

## Ævisparnaðurinn er tapaður

Eldri hjón, sem Fréttablaðið ræddi við í höfuðstöðvum Glitnis við Kirkjusand í gær, sögðu farir sínar ekki sléttar þar sem þau höfðu notað allan sinn sparnað til kaupa á hlutabréfum í Glitni. Um er að ræða fé sem þau hjón hafa safnað á fjórutíu árum og er nú að mestu glatað. Þau treystu sér ekki til að koma fram undir nafni en töldu sig hafa tapað þremur milljónum á hruni hlutabréfa á síðustu mánuðum. Við bætist svo atburðir dagsins í gær og ljóst að lítið stendur eftir. Þau hafa ekki treyst sér til að selja hlutafé sitt af ótta við að Tryggingastofnun skerði bætur þeirra hjóna ef þau losuðu um sparifé sitt.

„Ég kom til að taka út og athuga hvort þeir væru búnir að missa þetta allt úr höndunum á sér,“ sagði Herdís Tryggvadóttir, annar viðskiptavinur Glitnis, í gærmorgun. Hún ætlaði að taka út sparifé sitt en var tjáð að það væri ekki mögulegt fyrr en í dag.

Helga segir að hún hafi orðið mjög fegin þegar hún frétti að ríkið hefði keypt hlutafé í Glitni. „Mér létti mikið við það. Ég ætlaði að taka peninga úr einum sjóði en gat það ekki. Þeir eru að athuga sinn gang og ég frétti að ríkið gangi í ábyrgð.“

Helga ætlar ekki að færa viðskipti sín í annan banka. „Það er alveg yndislegt fólk hérna sem vill allt fyrir mann gera.“ - shá



**JÓNAS FR. JÓNSSON** Fjármálaeftirlitið getur við sérstakar aðstæður veitt undanþágu frá yfirtökuskyldu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Ríkið getur fengið undanþágu:

## Yfir mörkum yfirtökuskyldu

„Það er rétt að það er farið yfir mörk um yfirtökuskyldu samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti,“ segir Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins.

Eins og fram hefur komið eignast íslenska ríkið 75 prósent hlut í Glitni. Yfirtökuskylda myndast við fjórutíu prósent hlut. Við slíkar aðstæður ber þeim sem á svo stóran hlut að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð.

Jónas segir að hins vegar geti Fjármálaeftirlitið við sérstakar aðstæður veitt undanþágu frá tilboðsskyldunni. Hann hafi ekki fengið beiðni frá ríkinu um slíka undanþágu.

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir of snemmt að ræða hvað verði í þessum efnunum. „Það er verið að vinna að útfærslu á þessu þannig að það er of snemmt að segja nokkuð um hvernig þessu verður stillt upp.“

Þóróur Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, sagðist telja rétt að Fjármálaeftirlitið svaraði spurningum um yfirtökuskyldu.

- ikh

## Margvíslegar björgunaraðgerðir voru til skoðunar

Kaup ríkisins á Glitni er besta niðurstaðan fyrir viðskiptavini bankans og fjármálastöðugleika í landinu, segir viðskiptaráðherra. Markaðslausnir voru ræddar fram að kvöldmat á sunnudag. „Þvinguð yfirtaka“.

„Það var rétt opið um einhvers konar markaðslausnir, án einhverrar verulegrar aðkomu ríkisins,“ segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra um kaup ríkisins á 75 prósent hlut í Glitni. Sú niðurstaða hafi verið farsælasta leiðin, bæði fyrir viðskiptavini bankans og fjármálastöðugleika í landinu.

Það var um miðja síðustu viku að stjórnendur Glitnis höfðu samband við Seðlabankann og óskuðu eftir fyrirgreiðslu upp á 600 milljónum evra. Þetta staðfestu Davíð Oddsson seðlabankastjóri og Geir H. Haarde forsætisráðherra í gær.

Björgvin G. Sigurðsson segir að þá hafi Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formanni Samfylkingarinnar, einnig verið gert viðvart um málið. Sér og Óssuri Skarphéðs-

inssyni, staðgengi Ingibjargar, hafi verið greint frá málinu um helgina.

Davíð sagði að margar leiðir hefðu verið ræddar áður en ákveðið var að ríkið keypti hlut í bankanum. „Um miðja vikuna var talað við okkur um þá erfiðleika sem fram undan væru,“ sagði Davíð Oddsson. „[Það] voru margvíslegir þættir sem komu til greina, margvíslegar markaðslausnir og þess háttar,“ sagði Davíð. Hann sagði að „meiriháttar viðræður“ hefðu ekki farið fram við stjórnendur Glitnis fyrr en eftir lokun markaða á föstudag.

Sú niðurstaða að ríkið keypti verulegan hlut í Glitni kom fram á sunnudagskvöldið.

Stjórn Stoða, helsta eiganda Glitnis, segir í harðorðri yfirlýs-

ingu að Seðlabankinn og ríkisstjórnin hafi stillt stjórn og eignum Glitnis upp við vegg í skjóli nætur. Þeir hafi ekki átt neina kosti aðra en að samþykkja tillöguna.

Björgvin G. Sigurðsson segist hafa komið að málinu síðdegis á sunnudag. Þá hafi málið verið komið á ákveðið stig. Nokkrar útfærslur hefðu þá verið uppi „sem sérfræðingar Seðlabankans höfðu farið yfir um helgina“. Þá hafi raunar verið afgreitt að ekki væri hægt að lána Glitni eins og upphaflega hefði verið óskað eftir. „Á þeim tíma var heldur ekki flötur á samruna,“ segir Björgvin við Fréttablaðið. Þegar hann er spurður um hvaða samruna hafi verið rætt um, segir hann að rétt hafi verið opið um einhvers konar

markaðslausnir „án einhverrar verulegrar aðkomu ríkisins.“

Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður Glitnis, segist ekki ánægður með niðurstöðuna. „Það er engin ánægja í hluthafahópi félagsins þegar svona eignaupptaka á sér stað,“ segir Björn Ingi Sveinsson, framkvæmdastjóri fjárfestingafélagsins Saxbygg sem var í hópi stærstu hluthafa.

Stjórn Stoða, áður FL Group, segir í harðorðri yfirlýsingu, að Seðlabankinn og ríkisvaldið hafi þvingað fram yfirtöku á Glitni.

„Þarna voru auðvitað svo gríðarlegir almannahagsmunir undir og fjármálakerfið allt, því varð þetta niðurstaðan,“ segir Björgvin G. Sigurðsson.

ingimar@markadurinn.is

Hluthafar í Glitni verða af milljarðatugum:

## Markaðsvirði lækkar um 88 prósent

Markaðsvirði eignar hluthafa í Glitni rýrnaði um tæpa 205,6 milljarða króna frá því á föstudag, eftir aðkomu ríkisins að bankanum, samkvæmt útreikningum greiningardeildar Kaupþings.

„Kaupverð á 75 prósent hlut íslenska ríkisins gerir það að verkum að markaðsvirði eigin fjár bankans í heild verður um 800 milljónir evra. Miðað við dagslokagengi krónu [í gær] hefur því markaðsvirði hvers hlutar lækkað um 88 prósent frá því að mörkuðum var lokað á föstudag,“ segir í hálfimm fréttum Kaupþings.

Markaðsvirði hlutar Stoða (áður FL Group), sem áttu stærstan hlut á föstudag (29,35 prósent), hefur lækkað um 60,1 milljarð króna, samkvæmt

útreikningum greiningardeildarinnar.


„Hlutur Þáttar International sem skráður var fyrir 5,59 prósent rýrnar um 11,45 milljarða og hlutur Saxbygg Invest ehf. rýrnar um 10,2 milljarða. Eftir eiginfjárukninguna má búast við því að eiginfé bankans muni nema um 286 milljörðum króna og því er VI hlutfall bankans áætlað um 0,4 eftir viðskiptin,“ segir Kaupþing.

Um það er rætt í fjármálageiranum að ekki sé útséð með afleiðingar þess að hluthafar í Glitni verði fyrir jafnmikilli virðisrýrnun.


Í kjölfar atburða gærmorgunsins óskuðu Stoðir eftir greiðslustöðvun og var hún veitt til 20. október.

- óká

## MARKAÐSVIRÐI EIGNAR HLUTHAFA Í GLITNI Á FÖSTUDAG



## MARKAÐSVIRÐI EIGNAR HLUTHAFA Í GLITNI Í DAG



## BREYTINGAR HJÁ 10 STÆRSTU HLUTHÖFUM GLITNIS

Félag	STADAN Á FÖSTUDAG		EFTIR AÐKOMU RÍKISINS Í GÆR*		Tap
	Hlutfall	Markaðsvirði**	Hlutfall	Markaðsvirði**	
Stoðir	29,35%	68.585	7,35%	8.230	60.355
Þáttar International ehf.	5,59%	13.057	1,40%	1.567	11.490
Saxbygg Invest ehf.	5,00%	11.681	1,25%	1.402	10.280
GLB Hedge	4,50%	10.504	1,13%	1.260	9.243
Glitnir, safnskráning 2	2,49%	5.809	0,62%	697	5.112
Landsbanki Lux.S.A.	2,37%	5.547	0,59%	666	4.881
Salt Investments ehf.	2,32%	5.424	0,58%	651	4.773
Sund ehf.	2,04%	4.774	0,51%	573	4.201
Glitnir banki hf.	2,02%	4.711	0,51%	565	4.146
Rákungur ehf.	2,00%	4.673	0,50%	561	4.112

\*MIÐAÐ VIÐ ÚTREIKNINGA GREININGARDEILDAR KAUPÞINGS UM 88 PRÓSENTA VIRÐISRÝRNUN. \*\*ÚPPHÆÐIR ERU Í MILLJÓNUM KRÓNA.

## NOKKRIR EINSTAKLINGAR ÚR HLUTHAFAHÓPI GLITNIS:



JÓN ÁSGEIR  
JÓHANNESSON  
STOÐIR



INGIBJÖRG  
PÁLMAÐÓTTIR  
STOÐIR



ÞORSTEINN M.  
JÓNSSON  
STOÐIR



PÁLMI  
HARALDSSON  
STOÐIR



MAGNÚS  
ÁRMANN  
STOÐIR



KARL  
WERNERSSON  
PÁTTUR



EINAR  
SVEINSSON  
PÁTTUR



RÓBERT  
WESSMAN  
SALT INVESTMENT

Viðskiptavinir og starfsmenn geta treyst því að Glitnir sé traustur banki segir Geir Haarde forsætisráðherra:

## Ekki við stjórnendur Glitnis að sakast

Erfið staða Glitnis kemur upp vegna aðstæðna sem stjórnendur Glitnis gátu ekki ráðið við, og báru ekki ábyrgð á, sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra, í Stjórnarráðinu í gær.

„Það er ekki við stjórnendur Glitnis eða starfsmenn að sakast,“ sagði Geir. Ekki sé verið að þjóðnýta bankann þótt ríkið eignist 75 prósent hlut.

Hann sagði þá skyldu ríkisvaldsins að tryggja stöðugleika eins og hægt væri, um bankana yrði að ríkja sem minnst óvissa og sem mest traust. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar séu með hagsmuni innistæðueigenda og fjármálastöðugleika að leiðarljósi. Innistæðueigendur þurfi ekki að óttast um sitt fé.

„Viðskiptavinir Glitnis og starfsmenn bankans geta treyst því að þarna er áfram á



Í KASTLJÓSINU Geir H. Haarde forsætisráðherra svaraði spurningum fréttamanna um björgunaraðgerðir ríkisstjórnarinnar á fundi í Stjórnarráðinu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ferðinni öflugur og traustur banki sem gæti hagsmuna viðskiptavina sinna eins og áður,“ sagði Geir.

„Við leggjum áherslu á að fjármálakerfið í landinu geti starfað óhindrað áfram eins og verið hefur. Hvort það verða seinna einhverjar skipulagsbreytingar í kerfinu, uppstokkun, sameining fyrirtækja eða þess háttar er annað mál. Það eru mál sem koma þá í framhaldinu. Eflaust er hægt að leita hagræðingar og meira aðhalds í þessu kerfi heldur en gert hefur verið,“ sagði Geir.

Hann sagði aðra hluthafa í Glitni vissulega skadast af þessum björgunaraðgerðum.

„Eðlilega þegar mál sem þessi koma upp eru það hluthafarnir sem fyrst og fremst verða fyrir tjóni. Svo er einnig núna,“ sagði Geir. Erlendis hafi það víða gerst að hluthafar hafi tapað öllu sínu. Það hafi ekki verið niðurstaðan í þessu tilviki

- bj



## NÝJAR GERÐIR **PHILIPS** ENN BETRI MYNDGÆÐI

### HÁGÆÐA LCD BREIÐTJÖLD

#### **32" LCD**

##### **PHILIPS 32PFL5403D**

- SKERPA 30.000:1
- PIXEL PLUS HD MYNDTÆKNI
- STAFRÆNN DVBT MÓTTAKARI
- SVARTÍMI 6MS

**VERÐ**

**149.995**

FRÁBÆRT VERÐ

#### **37" LCD**

##### **PHILIPS 37PFL5603D**

- FULL HD UPPLAUSN
- PIXEL PLUS HD MYNDTÆKNI
- STAFRÆNN DVBT MÓTTAKARI
- SKERPA 44.000:1
- SVARTÍMI 5MS

**VERÐ**

**199.995**

FRÁBÆRT VERÐ

#### **42" LCD**

##### **PHILIPS 42PFL5603D**

- FULL HD UPPLAUSN
- PIXEL PLUS HD MYNDTÆKNI
- STAFRÆNN DVBT MÓTTAKARI
- SKERPA 30.000:1
- SVARTÍMI 5MS

**VERÐ**

**249.995**

FRÁBÆRT VERÐ

PIXEL PLUS MYNDTÆKNIN EYKUR LÍNUFJÖLDA OG SKERPU



TRYGGIR YFIRBURÐA MYNDGÆÐI

**REYKJAVÍK**

SUDURLANDSBRÁUT 26  
SÍMI 569 1500

**AKUREYRI**

GLERÁRGÓTU 36  
460 3380

**HÚSAVÍK**

GARÐARSBRÁUT 18A  
464 1600

**SELFOSS**

EYRARVEGI 21  
480 3700



**Heimilistæki**

ht.is

## HAMFARIR Á FJÁRMÁLAMARKAÐI

Guðjón Arnar Kristjánsson:  
**Ætti að skipta um stjórnendur**



„Ég held að ríkisstjórnin hafi tekið þann kost sem var nauðsynlegur og að þetta hafi verið skárra en að lána fé til að viðhalda stöðu bankans,“ segir Guðjón

Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. Með aðgerðunum sé reynt að tryggja eðlilega bankastarfsemi og að viðskiptamenn Glitnis verði ekki fyrir skaða.

Guðjón efast um að við breyttar aðstæður sé rétt að sömu menn verði áfram við stjórnvölinn í Glitni. „Það hefði verið rétt að skipta um fólk,“ segir hann.

- bps

Guðni Ágústsson:  
**Stjórnvöld bera mikla ábyrgð**

„Eins og þetta var lagt upp fyrir okkur var þetta óumflýjanlegt,“ segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins. Ráðstöfunin sýni að menn vilji standa með sparfjáreigendum.



Guðni telur ríkisstjórnina bera mikla ábyrgð á því hvernig komið sé þótt ljóst sé að stjórnendur Glitnis og annarra fyrirtækja hafi farið offari á margan hátt. „Ef stjórnvöld hefðu tekið mark á því fyrir ári að fjármálakreppa væri að skella á hefði verið hægt að vinna markvissar með bönkunum.“

- bps

# Þjóðnýting var óþörf

Þorsteinn M. Baldvinsson, stjórnarformaður Glitnis, telur að þjóðnýting bankans hafi ekki verið nauðsynleg aðgerð. Hann og forstjóri Glitnis gleðjast fyrir hönd viðskiptavina og starfsfólks en segja niðurstöðuna áfall fyrir hluthafa.

„Ég taldi þessa aðgerð ekki nauðsynlega og að mögulegt hefði verið að fara aðrar leiðir ef gefist hefði lengri tími,“ segir Þorsteinn M. Baldvinsson, stjórnarformaður Glitnis. „Ég er fyrir hönd hluthafa mjög ósáttur, en ánægður fyrir hönd starfsfólks og viðskiptavina bankans.“ Forstjóri Glitnis segir að fyrirsjáanlegur vandi í rekstri bankans hafi ekki gefið eigendum aðra kosti en að samþykkja hugmynd ríkisvaldsins og Seðlabankans um kaup ríkisins á 75 prósentum hlutfjár í bankanum fyrir 84 milljarða króna.

Þorsteinn M. Baldvinsson segir að hann hafi talið fram á síðustu stundu að fært væri að fara aðra leið en þá sem niðurstaða varð um. „Orðrómurinn um bankann í morgun [gærmorgun] breytti síðan þeirri skoðun minni.“ Hann segir að hugmyndin um þjóðnýtingu bankans hafi komið frá ríkisvaldinu og að það hafi verið „niðurstaða hluthafanna að þetta væri betra en að samþykkja þetta ekki. En fyrir mér er þessi niðurstaða óásættanleg fyrir hluthafana.“

Lárus Welding, forstjóri Glitnis, segir að staða bankans sé trygg eftir aðkomu ríkisvaldsins og ástæðan fyrir kaupunum sé lausafjárskortur á alþjóðlegum mörkuðum.

„Við lifum á sérstökum tímum og við erum að sjá hamfaratíma sem við höfum ekki séð áður.“



**KOMIÐ TIL FUNDAR** Lárus Welding kom í höfuðstöðvar Glitnis eftir blaðamannafund í Seðlabankanum á ellefta tímanum í gær. Framundan var fundur með starfsfólki þar sem hann greindi frá þróun mála.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hann segir að nokkrar leiðir hafi verið ræddar til að koma bankanum til bjargar en vill ekki tífunda þær sérstaklega. „Þetta var lausn sem ríkisstjórn og Seðlabanki komu mjög fljótt inn á.“

Hún var rædd hjá stjórn og stærstu hluthöfum og á endanum fallist á að þetta væri skynsamleg niðurstaða. „Hann segir að hugmyndin hafi komið upp með stuttum fyrirvara. Það var á ábyrgð stærstu hluthafa Glitnis að samþykkja hana með fyrirvara um niðurstöðu hluthafafundar sem haldinn verður í næstu viku.“

Spurður um hvort frekari áföll séu fyrirsjáanleg í rekstri bankans segir Lárus að viðsjárverðir

tímar séu framundan. „Við höfum ekki séð fyrir önnur stór áföll hjá fyrirtækinu en það er ljóst að ef vaxtastigið verður hátt áfram verður þetta erfitt.“

Lárus segir að engar uppsagnir muni fylgja í kjölfar þeirra breytinga sem orðið hafa á rekstri bankans. „Og viðskiptavinir hafa ekkert að óttast. Það var fyrirsjáanlegur vandi og því var gripið til þessara aðgerða.“ Lárus segir að með ríkið sem eiganda verði bankinn vel í stakk búinn til að fjármagna sig í framtíðinni. Lárus og Þorsteinn starfa áfram í yfirstjórn bankans og ekki er gert ráð fyrir að aðrir stjórnendur hætti störfum.

svavar@frettabladid.is

Steingrímur J. Sigfússon  
**Hugmyndafræðilegt skipbrot**

„Mér er efast í huga núna hvað þeir hugsa sem mest mæru einkavæðingu bankanna og þessa útrásar- og nýfrjálshegguvæðingu sem Ísland gekk í gegnum,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG.



Hann telur að ef einhver inngríp ríkisins hafi verið óumflýjanleg hafi verið illskásti kosturinn að fara þá leið sem valin var. „Mér finnst þetta hreinlegri leið og líklegri til að gæta hagsmuna almennings þar sem þessi aðstoð ríkisins er þó eign í banka sem getur átt eftir að verða verðmætur síðar. En það að ríkið færi út í stórfellda fyrirgreiðslu út á öljósar eða kannski nánast engar tryggingar það er björgunarleiðangur þar sem reynt er að bjarga eigendunum án þess að þeir tækju neitt af skellinum.“

Steingrímur segir mikilvægt að allir hafi í huga að ríkið gripi ekki til þessara aðgerða svo allt geti haldið áfram óbreytt.

Endurskoða þurfi launakjör og fríðindi starfsfólks Glitnis þó þegar hafi ýmislegt verið gert í þeim efnum undir forystu Þorsteins Más Baldvinssonar stjórnarformanns.

Þá telur Steingrímur þetta til marks um skipbrot þeirrar hugmyndafræði sem rekið hafi menn áfram í viðskiptum að undanförunu. „Græðgiskapítalisminn er einfaldlega búinn að éta sig upp innan frá,“ segir hann og kallar eftir síðvæðingu fjármálageirans.

- bps

# Bjargar Glitni frá gjaldþroti

Tilkynnt var um 84 milljarða króna hlutfjárkaup ríkisins í Glitni í gær. Ríkið eignast 75 prósent hlut í bankanum. Lárus Welding verður áfram forstjóri.

Ríkið lagði um 84 milljarða króna inn í Glitni með samkomulagi sem kynnt var í gær til að bjarga bankanum frá gjaldþroti. Ríkið eignast með þessu 75 prósent hlut í bankanum, en markmiðið er að tryggja stöðugleika í fjármálakerfinu.

Hefði ekki verið gripið til þessara aðgerða hefði Glitni komist í þrot innan skamms, sagði Davíð Oddsson seðlabankastjóri á fundi með fjölmiðlafólki í Seðlabankanum í gær. Með aðgerðunum sagði hann tryggt að rekstur bankans yrði með eðlilegum hætti áfram.

Gengið var frá samkomulagi milli ríkisstjórnar Íslands og eigenda Glitnis um björgunaraðgerðirnar á fundum um helgina, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands og fjármálaeftirlitið.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði hádeginu í gær að stjórnendur Glitnis hefðu óskað eftir því að ríkið legði 600 milljónir evra, um 84 milljarða króna, til bankans. Ríkið hefði orðið við þeirri beiðni, en fengið í staðinn hlutfé í bankanum.

„Við höfum litit þannig til að Glitni banki sé traustur, vel rekinn og ábyrgur banki,“ sagði Davíð. Nauðsynlegt hafi verið að koma til móts við bankann til að tryggja stöðugleika hér á landi.

Bæði Geir og Davíð lögðu áherslu á að ríkið ætlaði sér ekki að eiga hlut í Glitni lengi. Þeir sögðu báðir að rekstur bankans stæði nú traustum fótum, og að þeir væntu þess að hlutur ríkisins yrði síðar seldur, líklega með hagnaði.

Seðlabankinn lagði 600 milljónir



**BJÖRGUNARÞEGGERÐIR** Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, kynnti björgunaraðgerðir ríkisins ásamt Lárusi Welding, forstjóra Glitnis, á fundi í Seðlabankanum í gærmorgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

evra úr gjaldþrotavarsjóði bankans til Glitnis, en Davíð sagðist reikna með því að Alþingi myndi ákveða að bæta bankanum það upp með framlagi úr ríkissjóði.

Hluthafafundur í Glitni þarf að samþykkja aðgerðir ríkisins. Davíð sagði alla stærstu hluthafa bankans hafa lýst því yfir skriflega að þeir styddu aðgerðirnar.

Lárus Welding mun áfram gegna starfi forstjóra bankans. Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkisins, mun skipa stjórnarmenn í krafti 75 prósent hlutar ríkisins.

„Þessi innkoma ríkisins styrkir eiginfjárstöðu bankans mjög, og tekur af allan vafa um fjárhagslega stöðu Glitnis,“ sagði Lárus á fundi í Seðlabankanum í gær. Hann segir að gripið hafi verið til svipaðra aðgerða í nágrannalöndunum, sem endurspeglar erfiðar aðstæður á fjármálamörkuðum. Hann sagði að viðskiptavinir myndu ekki finna fyrir þessum breytingum.

bjann@frettabladid.is

## Ísland – ESB – Evra

Starfsgreinasamband Íslands og Samtök iðnaðarins bjóða til ráðstefnu um mögulega aðild Íslands að ESB og upptöku evru

2. október kl. 13.30-16.00 Sal H, Hilton Reykjavík Nordica

Dagskrá:

### Ávarp

Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambands Íslands

### Áhrif aðildar Finnlands að ESB og EMU á finnskan iðnað

Daníel Vartikari, Industri anstállða i Norden

### Umræður og fyrirspurnir

### Kaffihlé

### Hvað breytist raunverulega við aðild að Evrópusambandinu?

Aðalsteinn Leifsson, lektor og forstöðumaður MBA í Háskólanum í Reykjavík

### Áhrif upptöku evru á íslenskan vinnumarkað

Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ

### Umræður og fyrirspurnir

Fundarstjóri er Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI

Fundurinn er öllum opin og ókeypis, skráning fer fram á netfangið [mottaka@si.is](mailto:mottaka@si.is).







## SNILLDARBRAGÐ grallarans



„... en það er bara svo gaman að sjúga svona núðlur  
- get bara ekki hætt ...“

### Kínverskar lambakjötsnúðlur

300 g eggjanúðlur • 4 - 500 g meyr lamba- eða kindakjöt • 2 msk olía • 1 lítið rauðlaukur, saxaður  
2 - 3 hvítlauksgeirar, saxaðir smátt • 1 msk ferskur engifer, saxaður smátt • 1 lítið rautt chili-aldin,  
fræhreinsað og skorið í þunnar sneiðar • 1 msk rautt karrímauk (red curry paste) • 150 g sykurbauinir  
(snjóbaunir) • 1 - 2 gulrætur, skornar í mjóar ræmur • 150 ml vatn • 1 tsk sykur • safi úr 1 límónu

Eldið núðlur samkvæmt leiðbeiningum. Skerið kjötið í mjög þunnar sneiðar þvert á vöðvaþræðina.  
Hitið 1 msk af olíu vel á wokpönnu eða þykkbotna pönnu og snöggsteikið við háan hita. Steikið  
í nokkrum skömmtum og takið svo af með gataspaða þegar það hefur tekið lit á báðum hliðum.  
Setjið afganginn af olíunni á pönnuna og steikið rauðlauk, hvítlauk, engifer og chili í 1 - 2 mínútur.  
Setjið kjötið aftur á pönnuna, ásamt karrímauki, snjóbaunum og gulrótum. Hellið vatninu yfir og  
sjóðið í 2 - 3 mínútur. Bragðbætið með sykri og límónusafa. Látið renna af núðlunum í sigti og setjið  
þær á pönnuna og steikið í 1 - 2 mínútur til viðbótar. Fljótlegt og ljúffengt - verði ykkur að góðu!



10 - 15 mínútur

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum  
gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu  
hugarflugid og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar  
í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra  
fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

*Lambakjöt*

NÁTTÚRULEGA EINFALT

## HAMFARIR Á FJÁRMÁLAMARKAÐI

STOÐIR

GLITNI



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON Kaup Stoða á 40 prósentu hlut í Baugi Group frá í sumar voru með fyrirvara um samþykki hluthafa. Hluthafafundi var frestað í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Hluthafafundi Stoða frestað:

## Óvíst með kaup í Baugi Group

Óvíst er hvort kaup Stoða á 40 prósentu hlut í Baugi Group fyrir 25 milljarða króna gangi eftir í kjölfar fréttu gærdagsins.

Kaupin voru tilkynnt í júlí með fyrirvara um samþykki hluthafa og útgáfu nýs hlutafjár. Taka átti málið fyrir á hluthafafundi Stoða í dag. Eftir að ríkið tilkynnti um kaup á 75 prósentu hlut í Glitni í gær og Stoðir fóru fram á greiðslustöðvun var hluthafafundinum frestað.

FL Group tók upp nafnið Stoðir í byrjun júlí í sumar. Félagið tapaði 11,6 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi, sem var að mestu tilkomið vegna fjármagns-kostnaðar og lækkunar á markaðsverðmæti í Glitni.

Stoðir eru skráðar fyrir rúnum 29 prósentum í Glitni. Greiningardeild Kaupþings reiknast til að við breytinguna í gær rýrni hluturinn um 88 prósent frá því á föstudag, eða um 60,1 milljarð króna.

-jab

## Félagið reynir að halda sjó

Eignarhaldsfélagið Stoðir hefur fengið greiðslustöðvun í þrjár vikur. Jakob R. Möller er aðstoðarmaður í greiðslustöðvuninni. Reynt verður að halda sjó meðan unnið er að nýrri skipan á fjármálum félagsins.

Eignarhaldsfélagið Stoðir hefur fengið heimild til greiðslustöðvunar í Héraðsdómi Reykjavíkur og gildir hún í þrjár vikur. Jakob R. Möller hrl. hefur verið skipaður aðstoðarmaður á greiðslustöðvunartímanum. Hann segir að félagið einbeiti sér nú að því að halda sjó næstu vikurnar.

Félagið hafi tíma til 20. október til að taka saman skrá yfir eignir og skuldir. Á fundi í síðasta lagi 17. október eigi að kynna lána-drottum upplýsingar um eignir og skuldir og áætlanir um að koma nýrri skipan á fjármál félagsins. Aðstoðarmaður hafi eftirlit með því að félagið fari eftir reglum um hvað megi gera og hvað ekki á meðan á greiðslustöðvun stendur.



JAKOB R. MÖLLER

Jakob segir greiðslustöðvunina ekki hafa mikil áhrif á önnur félög en þó sé ekki „hægt að ganga að félaginu meðan greiðslustöðvun varir eða gera fjárnám. Hlutverk mitt er að tryggja að farið sé eftir reglum og ekkert borgað sem ekki er þáttur í daglegum rekstri eða nauðsynlegt til að forða félaginu frá tjóni. Nú verður reynt að halda sjó. Félagið má ekki taka á sig neinar nýjar skuldbindingar eða selja eignir nema til að forða tjóni eða eitthvað sérstaklega hagstætt bjóðist“.

Yfirleitt er ekki gert ráð fyrir að endurskipulagning fjármálafélags takist á þremur vikum og þess vegna er hugsanlega hægt að framlengja greiðslustöðvunina eftir þrjár vikur.

Stjórn Stoða átti fund í gærmorgun en forsvarsmenn félagsins vörðust allra fréttu að honum loknum og var ekki hægt að ná í

## HELSTU EIGNIR STOÐA

Helstu eignir	Hlutfall
Tryggingamiðstöðin	100,0%
Landic Property	40,0%
Glitni	29,3%
Unity Investment*	37,5%

## Aðrar eignir\*\*

Refresco (drykkjavöruframleiðandi)
Unibrew (bjóframleiðandi)
Bayrock Group (fasteignaþróun)

\*Fjárfestingar í Bretlandi ásamt Baugi (37,5%) og athafnamanninum Kevin Stanford (25%).  
\*\* Ásamt öðrum.

## STÆRSTU HLUTHAFAR

Nafn	Hlutar
Styrkur Invest (Jón Ásgeir)	39,0%
Fons (Pálmi Haraldsson)	12,2%
Oddaflug (Hannes Smáráson)	10,8%
Materia Invest (Porsteinn Jónsson og Magnús Ármann)	6,0%

nokkurn mann. Sigurður G. Guðjónsson, stjórnarmaður í Glitni, sagði eftir fund hjá Stoðum í gærmorgun að það hefði áhrif á eignastöðuna að ríkið ætti nú þrjá fjórðu hluta í Glitni. Eignir rýrnuðu verulega eða sem nemur þeirri hlutafjárukningu sem hefði átt sér stað í Glitni.

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM, dótturfélags Stoða, sagði í gær að þróunin hjá Stoðum hefði í sjálfu sér engin áhrif á TM. „Við erum ekki háðir eigandanum eða neinum öðrum varðandi fjármögnun. Við erum vel fjármagn- að og stætt félag og getum staðið mörgum sinnum við okkar skuldbindingar þannig að eitt og sér er TM gríðarlega sterkt og ekki háð eigandanum að neinu leyti,“ segir hann.



EIGNIR RÝRNUÐU VERULEGA Forsvarsmenn Stoða vörðust allra fréttu í gær. Sigurður G. Guðjónsson, stjórnarmaður í Glitni, sagði eftir fund hjá Stoðum í gærmorgun að eignir hefðu rýrnað verulega eftir að ríkið eignaðist 75 prósent hlutafjár í Glitni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON

Skarphéðinn Berg Steinarsson, forstjóri Landic Property, sagði að staðan hjá Stoðum hefði lítil áhrif. „Við höldum bara áfram okkar starfsemi eins og hún hefur verið.“

ghs@frettabladid.is

Aðeins 1 króna fyrir börnin

www.flugfelag.is | 570 3030



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

1 kr. aðra leiðina + 990 kr. 1. – 31. október 2008.

(flugvallarskattur)

## Þetta einstaka tilboðsfargjald

- gildir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands
  - er fyrir börn, 2 – 11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
  - bókalegt frá 30. september 2008
  - ferðatímabil 1. – 31. október 2008
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is)

*Taketið flugið*

Fimm létust í Trípólí í Líbanon

## Mannskæð sprengjuárás

**LÍBANON, AP** Minnst fimm manns fórust og 25 særðust þegar bílsprengja sprakk nærri rútu sem flutti líbanska hermenn í Trípólí í Líbanon í gær.

Fjórir hinna látnu eru hermenn en sá fimmti almennur borgari. Þetta er önnur mannskæða árásin sem gerð er á hermenn í norðurhluta Líbanons á tveimur mánuðum. Í síðasta mánuði létu 18 hermenn og almennir borgarar lífið þegar sprengja sprakk nærri rútu á götu í Trípólí. Það er mannskæðasta sprengjuárás sem gerð hefur verið í Líbanon í þrjú ár. Enginn hefur lýst ábyrgð á tilræðunum. - ovd

Kaupmaður berst gegn slægum vinnubrögðum:

## Óviðunandi verðmerkingar í Krónunni

Reglurnar eru einfaldar: allar vörur í verslunum eiga að vera verðmerktar og það verð á að gilda á kössunum. Neytendastofa hefur meira að segja heimild til að sekta verslanir ef þessum reglum er ekki fylgt. Eitthvað lítið bólar þó á að eftir þessum reglum sé farið.

Meðvitaður kaupmaður, sem ekki vildi láta nafns síns getið, skrifar: „Ég hef fengið nóg af slægum vinnubrögðum í verslun og setti



DR. GUNNI neytendur@frettabladid.is

upp neytendasíðu (verslunarblikking.blog.is) til að benda á hluti sem ég verð áskynja og ógna starfsheidi kaupmanna almennt. Tílfnið var hörmulegt ástand verðmerkinga í Krónunni við Jafnasel nú um helgina en stafræna myndavélin var með í för.“

Á myndum nafnlausar kaupmannsins sést að verðmerkingar í Krónunni við Jafnasel eru í ömurlegu ástandi. Það versta er þó að ástandið er langt í frá eitthvert

einsdæmi, hvorki í verslunum Krónunnar né öðrum verslunum. Sá nafnlaus segist hafa gefist upp á að „elta uppi einhverja verslunarstjóra sem annaðhvort skortir metnað til verka eða telja sig geta selt meira á herra verði með því að vera með ólöglega vöruframsetningu“. Hann boðar frekari aðgerðir og ætlar að mæta aftur með myndavélin í þessa og aðrar verslanir. Hann hafnar alfarið vinnubrögðum af þessu tagi og



EEKKI EIN EINASTA VERÐMERKING Hvað kosta þessar rafhlöður eiginlega!?

bendir neytendum á gera slíkt hið sama. „Kæruleysi neytenda er undirstaða þess að svona vinnubrögð viðgangast,“ segir hann réttilega.

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Norska konungsfjölskyldan:

## Fimmta barnabarnið er fætt

**NOREGUR** Marta Lovísa, prinsessa af Noregi, og eiginmaður hennar, Ari Behn, eignuðust í gær sína þriðju dóttur. Stúlkan vó 3.700



grömm og var 53 sentimetra löng við fæðingu, að því er greint er frá í frétt NRK.

Barnið hefur verið nefnt Emma Tallulah Behn og er fimmta

MARTA LOVÍSA

barnabarn konungshjónanna. Hvorki Behn né dætur hans bera konunglega titla og stúlkan nýfædda mun þar með ekki heldur bera prinsessutitil. Hún verður engu að síður númer sex í röðinni til að erfa norsku krúnuna.

Marta Lovísa er elsta barn konungshjónanna en yngri bróðir hennar Hákon er krónprins. - ghs, aa

Kjarnorkueftirlit í Íran:

## Hvattir til að aflétta leynd

**AUSTURRÍKI, AP** Þrátt fyrir sex ára rannsókn er enn ekki búið að útiloka að Íranar séu að þróa kjarnorkuvopn leynilega. Þetta kom fram í máli Mohammeds ElBaradei, yfirmanns Alþjóðakjarnokurmálastofnunarinnar (IAEA), á ársfundi stofnunarinnar í gær.

Hann hvatti Írana til að aflétta leyndinni á kjarnorkuáætlun sinni til að þjóðir heimsins gætu treyst því að hún stefndi einvörðungu að friðsamlegum notum kjarnorku.

Íslömsk ríki hafa hótad að krefjast atkvæðagreiðslu um öll mál þingsins, ef ekki verður samþykkt ályktun þar sem öll ríki í Miðausturlöndum verði hvött til að þróa ekki kjarnorkuvopn. - ss

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR KLETTHÁLSI

# NÆSTUM NÝIR BÍLAR MED MIKLA ABYRGÐ

### Frábært tilboð á bílaleigubílum

Nú bjóðum við vel með farna bílaleigubíla á kjörum sem bjóðast ekki annars staðar:

- Allir bílar eru í 5 ára ábyrgð frá skráningardegi.
- 80% fjármögnun
- Bílalan til 84 mánaða í erlendri mynt.

Komdu í heimsókn í HEKLU - Notaða bíla og kynntu þér frábært úrval af næstum nýjum bílum.



Das Auto.



SIMPLY CLEVER



MITSUBISHI MOTORS



KIA MOTORS The Power to Surprise™



Bílaabýrgð Varðar fylgir notuðum bílaleigubílum frá HEKLU.



Ópið 10-18 virka daga | Ópið 12-16 laugardaga

Kletthálsi | sími 590 5040 | www.heklanotadirbilar.is | notadirbilar@hekla.is

## Pappírs-purrkur

í öllum gerðum fyrir heimili og fyrirtæki



fréinlæti of

Viðarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími 577-6500  
Kíktu á heimasíðuna okkar

www.takk.is



**HANDSKRAUT Í PAKISTAN** Pakistanskar múslimastúlur sýna hendur sínar sem hafa verið skreyttar að hefðbundnum hætti fyrir Eid-al-fitr-hátíðina sem markar lok Ramadan, fóstumánaðarins helga.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Björn Bjarnason segir Valgerði Sverrisdóttur fara með rangt mál:

## Misminni eða rangfærsla

**LÖGGÆSLUMÁL** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir að Valgerði Sverrisdóttur annaðhvort misminni eða hún fari með rangt mál í Fréttablaðinu í gær. Þar sagði hún að uppgreiðslur skuldahala embættis sýslumannsins á Suðurnesjum hefðu verið stöðvaðar „að ofan“ og hana grunaði að sjálfstæðismenn hefðu skipulagt málið „frá upphafi og þess vegna ekkert verið að bæta stöðu hans“.

Björn segir að tekið hafi verið á fjárhagsvandannum með fjáráukalögum árið 2007. Þá hafi allur rekstrarhallinn frá árinu 2006, alls 158 milljónir, verið gerður upp. Embættið hafi farið undir dóms-



**RANGT HJÁ VALGERÐI** Björn segir Valgerði Sverrisdóttur fara með rangt mál í Fréttablaðinu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

málaráðuneytið 1. janúar 2007 og byrjað með hreint borð.

„Annaðhvort er um hrapallegt misminni að ræða hjá Valgerði um

uppgjör vegna flutning embættisins eða visvitandi rangfærslu,“ segir Björn.

„Með afgreiðslu fjáráukalaganna og fundum lögreglustjóra með dómsmálaráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu var gengið út frá því að rekstur embættisins yrði að vera í fjárhagslegu jafnvægi miðað við heimildir fjárlaga 2007.“

Í greinargerð með frumvarpi til fjáráukalaga 2007 segir: „Unnið hefur verið að skoðun á fjárhagsstöðu embættisins og tekur tillagan mið af því að embættið hefji rekstur á grundvelli breytinga og nýrra laga án uppsafnaðs vanda.“

- kóp

## Sjávarútvegsherra: Kvótanefnd skipuð fljótlega

**SJÁVARÚTVEGUR** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsherra ætlar að skipa nefnd um kvótakerfið. Skipanin er hluti af viðbrögðum við álit Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um kvótakerfið.

„Ég mun fljótlega eftir að þing kemur saman á miðvikudag ræða við fulltrúa annarra stjórnmalaflokka og skipa nefndina. Hún mun síðan vinna hratt og skila fljótt af sér,“ segir Einar.

Í stjórnarsáttmálanum er kveðið á um úttekt á kvótakerfinu og áhrifum þess á þróun byggðar. Í þá úttekt var vísað þegar álit mannréttindanefndarinn kom. - kóp

Í kjölfar árásar í Finnlandi:

## Sænskur nemi hótaði morðum

**SVIÞJÓÐ** Sextán ára unglingur var handtekinn í Svíþjóð sólarhring eftir skotárásina í Finnlandi eftir að lögregla uppgötvaði myndskleið með hótunum hans á YouTube.

Unglingurinn sveiflaði skammbyssu og hótaði fjöldamorði. Eftir rannsókn heima hjá honum voru vopn gerð upptæk.

Unglingurinn er frá bænum Köping og er talið að faðir hans hafi hjálpað honum að gera myndskleiðin, að sögn Dagens Nyheter. Lögregla gerði einnig upptæk vopn tæplega fertugs manns sem hafði látið unglínginn fá skammbyssu.

Í haust verða sænskir lögreglumenn þjálfaðir sérstaklega í því að taka á skotárásum í skólum.

- ghs

Útlendingastofnun segir fjóra Albana hafa verið með „verulegt fé“ og sótt um hæli á öllum Norðurlöndum:

## Atvinnurekendur nýta sér flóttamenn

**FLÓTTAMENN** Við húslit í Reykjanesbæ þann 11. september kom í ljós að atvinnurekendur virðast „í talsverðum mæli“ nýta sér flóttamenn sem ódyrt ólöglegt vinnuafll. Um tíu hælisleitandanna hafa sinnt slíkum störfum, að sögn Hauks Guðmundssonar, forstjóra Útlendingastofnunar.

Þetta sé kannski ekki alfarið slæmt, því hælisleitendur séu hvattir til að sækja um bráðabirgðaleyfi, til að geta stundað vinnu á meðan umsókn þeirra er til umsagnar. En verra sé ef fólk, sem sé ekki flóttafólk í raun, nýti sér aðstöðuna sem „frítt hótél“ og sendi launin heim, til dæmis til Evrópu.

Haukur segir að fjórir hælisleitendur frá Albaníu hafi verið með „verulegt fé“ og reynst vera með

gilt dvalarleyfi á Grikklandi til 2015. Þeir hafi síðustu 7 ár verið í hælisleit á öllum Norðurlöndunum.

Maður, sem sagðist frá Alsír, var með franskt vegabréf, sem hann segir falsað, en „grunur leikur á að svo sé ekki“.

Annar, sem kveðst vera frá Íran, hafi greint frá því að hann hafi áður verið í hælismeðferð í Bretlandi. Sé það rétt verði bresk yfirvöld beðin um að taka við honum.

Þá fannst sænskur refsíðmur vegna alvarlegrar líkamsárásar á einum manni. Þessi maður hafi síðan farið í hungurverkfall og krafist að fá upphæð til baka, sem lögreglan kannast ekki við að hafa tekið af honum. Fé það sem var tekið af flóttafólkinu hefur öllu verið skilað.

- kóp



**FRÁ MÓTMÆLUM VEGNA LEITARINNAR** Húslit Útlendingastofnunar og lögreglu hefur verið gagnrýnd og sætir nú rannsókn Rauða kross Íslands.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

www.toyota.is

## NÚNA ER SKYNSAMLEGT AÐ KAUPA NOTAÐAN BÍL – EF HANN ER BETRI NOTAÐUR ÚRVALSBÍLL



### Toyota Land Cruiser 200

Navigation, sóllúga, krómpakki, húddhlíf 4500 dísel, sjálfsk. Á götuna: 01.08 Ekinn: 12.000 km Verð: 12.450.000 kr. Skr.nr. DPP47



### Toyota Land Cruiser 120 GX

35" breyttur, tölvukubbur, dráttarbeisli filmur, vindskeið 3000 dísel, sjálfsk. Á götuna: 01.08 Ekinn: 13.000 km Verð: 7.760.000 kr. Skr.nr. FJU29



### Toyota Avensis EXE

18" felgur, dráttarbeisli 2000 bensín, sjálfsk. Á götuna: 10.07 Ekinn: 14.000 km Verð: 4.150.000 kr. Skr.nr. GSD70



### Toyota Corolla

18" felgur, vindskeið, Xenon-ljós í stuðara, samlitur 1400 dísel, 5 gíra Á götuna: 02.08 Ekinn: 4.000 km Verð: 2.990.000 kr. Skr.nr. HZK74



### Toyota Prius Hybrid

1500 bensín/rafmagn, sjálfsk. Á götuna: 11.05 Ekinn: 53.000 km Verð: 2.630.000 kr. Skr.nr. YH460



### Toyota Yaris Sol

1300 bensín, 5 gíra Á götuna: 05.07 Ekinn: 47.000 km Verð: 1.750.000 kr. Skr.nr. LS464

### BNB-sölugreining

Bílnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Núna bjóðum við 6 betri notaða bíla með 12 mánaða viðbótarábyrgð.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi  
Nýbýlavegi 4  
Kópavogur  
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL

GÆÐABÍLL



NÚ Á **2** STÖÐUM

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## MIKIÐ ÚRVAL LAMPA

Fellsmúla - Reykjavík  
Njarðarbraut - Reykjanesbæ

8W  
14W  
21W  
28W

Verð frá **1995**  
UNDIRSKÁPALJÓS

14W  
21W  
28W

Verð frá **1959**  
UNDIRSKÁPALJÓS

1 x 36W  
2 x 36W

Verð frá **2295**  
IÐNAÐARLAMPI  
M/ SKERMI

**2895**  
SPEGLALJÓS  
18W M/ROFA

**2995**  
SPEGLALJÓS  
M/ TENGLUM OG ROFA

**4899** **3995**  
FLÚRLAMPI 60x60cm 3 x 14W  
FLÚRLAMPI 60x60cm 4 x 18W

### RAKAÞÉTTIR FLÚRLAMPAR

**4495**  
2 x 58W

**3495**  
1 x 58W

**3995**  
2 x 36W

**2995**  
1 x 36W

**2995**  
2 x 18W

**1995**  
UNDIRSKÁPALJÓS 8W

**2195**  
UNDIRSKÁPALJÓS 13W

**3495**  
SKRIFSTOFULAMPI 2 x 36W

Verð frá **995**  
SPEGLALJÓS

**2995**  
FLÚRLAMPI 2 X 36W  
Í BÍLSKÚRA, SKRIFSTOFUR O.FL.

Litir: Króm og hvítt  
2 stærðir

**4495**  
LOFTLJÓS 28W

**3795**  
LOFTLJÓS 16W

2 stærðir

**2995**  
LOFTLJÓS 28W

**1995**  
LOFTLJÓS 16W

**6995**  
LJÓSATUNNA 250W OG 400W

### HITALAMPAR

3 gerðir

Verð frá **7999**  
HITALAMPI 1300W

Með tenglum

**8995**  
VINNULJÓS GÚMMÍ 3 x 24W

150W  
250W  
400W

Verð frá **5995**  
FLÓDKASTARAR

150W 500W  
1000W 1500W

Verð frá **1395**  
HALOGENKASTARAR M/ PERU

## RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888  
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

## OPIÐ ALLA DAGA

Mán. til fös. kl. 9 - 18  
Laugard. kl. 10 - 17  
Sunnud. kl. 12 - 16

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15  
4.701 -4,82%Fjöldi viðskipta: 1499  
Velta: 11.630 milljónir

## MESTA HÆKKUN

↑ EIK BANK

+3,53%

## MESTA LÆKKUN

↓ EXISTA

-14,17%

ATORKA

-13,57%

SPRON

-13,43%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 6,34 -3,21% ... Atorka 4,84 -13,57% ... Bakkavör 22,20 -7,88% ... Eimskipafélagið 4,11 -0,96% ... Exista 6,54 -14,17% ... Glitnir 15,70 0,00% ... Icelandair Group 19,00 -5,47% ... Kaupþing 723,00 -3,60% ... Landsbankinn 21,50 -6,73% ... Marel Food Systems 89,20 -2,83% ... SPRON 2,90 -13,43% ... Straumur-Burðarás 8,59 -8,13% ... Össur 93,70 -2,40%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

## Þjóðnýting einnig í Evrópu

Ríkisstjórnir Beneluxlandanna, Hollands, Belgíu og Luxemborgar hefur komið fjármálafyrirtækinu Fortis til bjargar með 11,2 milljarða evra framlagi og tekur í staðinn 49,9 prósent hlut í fyrirtækinu.

Þá þjóðnýtti ríkisstjórn Bretlands fasteignalánastarfsemi fjármálafyrirtækisins Bradford & Bingley, en spænski bankinn Banco Santander mun kaupa útibúanet fyrirtækisins. Þriðja stóra fjármálastofnunin sem bjargað var af ríkinu var Þýska fasteignalánafélagið Hypo Real Estate Group sem er hið stærsta í Evrópu. Ríkið, ásamt hópi Þýskra banka, munu veita félaginu 35 milljarða evra neyðarlán en með því er tryggt að félagið geti haldið áfram starfsemi út næsta ár.

Hlutabréfamarkaðir í Evrópu féllu mikið á mánudag, en FTSE 100-vísitalan breska féll um 5,3 prósent og Dax-vísitalan Þýska féll



HÓFUÐSTÖÐVAR FORTIS Fortis, sem hefur höfuðstöðvar sínar í Brussel, er eitt stærsta fjármálafyrirtæki Evrópu.

MARKAÐURINN/AFP

um 4,2 prósent. Mest féllu bréf í fjármálafyrirtækjum.

Óttast er að fleiri evrópskir stórbankar kunni að verða gjaldþrota á næstu vikum, ell-egar að stjórnvöld neyðist til að koma þeim til bjargar. Business Week bendir á að hlutabréf svissneska stórbankans UBS hafi fallið um 30 prósent en UBS hefur tapað miklu á undir- málslánastarfsemi í Bandaríkjunum. - msh

## Byr og Glitnir sameinast ekki

Stjórn Byrs sparisjóðs hefur hætt sameiningarviðræðum við Glitni banka. Ákvörðun um þetta var tekin í gærmorgun eftir fregnir af kaupum ríkisins á 75 prósent hlut í Glitni.

„Viðræður voru á algjöru frumstigi og ekki farið að afhenda gögn ennþá,“ segir Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður Byrs.

Jón Þorsteinn segir fullsnemmt að spá fyrir um framhaldið hvað varði aðkomu Byrs af samrunum á fjármálamarkaði. „Menn eru nú bara rétt að ná andanum á sögulegum degi,“ sagði hann í gær, en ítrekaði um leið að Byr væri öflugt fyrirtæki og ekkert sem þyrsti á um breytingar. - ók

## Greina ekki á milli bankanna

Lítill greinarmunur virðist gerður á Glitni og öðrum íslenskum bönkum í umræðum á spjallvefjum skandinavísku viðskiptablaðanna. Margir þykjast hafa séð fyrir að umsvif Íslendinga myndu enda illa.

Norrænir fjölmiðlar hafa einnig vitnað til orða Davíðs Oddssonar, seðlabankastjóra, að Glitnir hefði orðið gjaldþrota ef ríkið hefði ekki komið bankanum til bjargar. Dagens Industry slær ummælunum upp í fyrirsögn.

Sænska fréttaveitan E24 vitnar í Tomas Ullman sérfræðing hjá verðbréfafyrirtækinu Erik Penser, en hann segir að björgun Glitnis og belgíska fjármálafyrirtækisins Fortis sýni að ekki sé hægt að treysta orðum yfirvalda og banka um heilbrigði fyrirtækjanna. - msh

## Ríkisábyrgð fylgir ekki með hjá Glitni

VIÐSKIPTI „Ábyrgðin er ekki umfram það sem eigandinn ber gagnvart fjárfestingunni,“ segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra þegar hann er spurður um hvort ríkisábyrgð á skuldbindingum Glitnis fylgi 75 prósent eignarhlut ríkisins.

Skuldatryggingarálag á Glitni lækkaði í gær um 150 punkta og var 1.250 punktar um kvöldmatarleytið í gær. Skuldatryggingarálag á Kaupþing hækkaði hins vegar um 450 punkta, í 1.650, og um 250 punkta á Landsbankann, í 1.240.

Björgvin G. Sigurðsson segir að



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

kaup á 75 prósent hlut í Glitni, í stað þess að hann yrði allur keyptur, hafi ekki verið hugsuð til að koma í veg fyrir að ríkisábyrgð myndast á skuldbindingum bankans. „Það var metið svo að þetta væri best fyrir markaðinn.“

Davíð Oddsson seðlabankastjóri sagði í gær að Glitnir hefði að óbreyttu farið í þrot. Kaup ríkisins á 75 prósent hlut fyrir 84 milljarða króna þýða að í stað þess að fyrirbyggjandi hlutahafar tapi öllu er hlutur þeirra þrátt fyrir allt yfir 20 milljarða króna virði. - íkh



MIÐLARAR Í KAUPHÖLLINI Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hefur aldrei fallið meira á einum degi en hún gerði í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Fallið aldrei verið meira

Krónan veiktist um 3,9 prósent í viðskiptum gærdagsins. Hraðið ágerðist eftir fregnir af aðkomu ríkisins að Glitni. Úrvalsvísitalan féll um 4,8 prósent.

Úrvalsvísitalan féll um 4,8 prósent í gær en það er mesta fall hennar á einum degi frá upphafi. Þá féll krónan um 3,6 prósent eftir viðvarandi veikingu fram eftir degi og hefur krónan aldrei verið veikari.

Gengisvísitala krónunnar endaði í 186,6 stigum í gær. „Krónan veiktist hratt í upphafi dags og styrktist svo aftur lítilega rétt fyrir klukkan tíu. Eftir það hóf hún veikingarferli á nýjan leik í mikilli veltu en velta nam 67,4 milljörðum króna,“ bendir greiningardeild Landsbankans á.

Helstu erlendu gjaldmiðlarnir fóru í hæstu hæðir gagnvart krónu að Bandaríkjadal undanskildum, sem til skamms tíma fór í rúmar 100 krónur. Dollarinn hefur ekki verið dýrari síðan snemma í apríl árið 2002.

Af Úrvalsvísitölufélagunum svokölluðu féll gengi bréfa í Existu mest, eða um 14,17 prósent en næstmest í Atorku, eða um 13,6 prósent.

Gengi allra íslensku bankanna - að hlutabréfum Glitnis undanskildum sem voru stöðvuð í gærmorgun - féll á bilinu 13,4 til 3,6 prósent. Mest var fall Spron en minnst á bréfum Kaupþings.

Greiningardeild Landsbankans bendir í Vegvísi sínum á að bendir á að fyrir gærdaginn hafði mesta fallið verið í apríl 2006 og í maí 2001. Á fyrri hluta árs 2006 hafi staðið yfir svonefnd Íslandskrísa en lækkuð árið 2001 tengdist endalokum netbólunnar.

Greining Glitnis bendir á að væntingavísitala Gallup fyrir september verður birt í dag og segir lítinn hug hefur verið í neytendum undanfarna mánuði. „Væntingar jukust þó lítið eitt í ágúst eftir að hafa mælst í sögulegu lágmarki mánuðina á undan. Ætla má að órói á fjármálamörkuðum í september liti mat neytenda á efnahagsástandinu svo og gengislækkun krónunnar í mánuðinum,“ segir í umfjöllun greiningardeildarinnar. - jab, ók

## Bandaríska ríkið tekur hlut í Citigroup

Tryggingasjóður bandarískra innstæðueigenda, FDIC, hefur gengið frá samningi um kaup Citigroup á Wachovia, fjórða stærsta banka Bandaríkjanna. Kaupverðið er 2,2 milljarðar dollara en heildareignir Wachovia eru yfir 800 milljarðar.

Með kaupunum er komið í veg fyrir gjaldþrot Wachovia en á fimmtudaginn í síðustu viku varð Washington Mutual, áttundi stærsti banki Bandaríkjanna,

gjaldþrota. Citigroup mun axla allt að 42 milljarða tap af eignum Wachovia, en FDIC tap umfram það. Í skiptum fyrir þessa ábyrgð mun FDIC eignast 12 milljarða hlut í Citigroup.

Kaupin styrkja enn Citigroup, sem er nú einn þriggja stærstu banka Bandaríkjanna, ásamt JPMorgan og Bank of America, en saman eiga þeir þriðjung allra innistæðna í Bandaríkjunum. - msh

## NÝ APPLE VERSLUN Í KRINGLUNNI

Skoðaðu allt það nýjasta og skemmtilegasta frá Apple.

Í versluninni verður fullkomin aðstaða til námskeiðahalds. Njóttu tölvunnar þinnar til fulls og lærðu vel á hana á ókeypis námskeiði.

humac

Humac, umboðsaðili Apple á Íslandi | Laugavegi 182 & Kringlunni | www.humac.is



ÍSLAND FINNLAND NOREGUR DANMÖRK SVÍÐJÓÐ



# Sæktu þér aukinn styrk

- fjölbreytt og áhugaverð námskeið í október

## UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Íslenski þroskalistinn  
haldið 2. október

Stóru spurningarnar – um tilvistarspurningar barna  
hefst 2. október

Ráð við reiði – vinnustofa fyrir leik- og grunnskólakennara  
haldið 16. október – aðeins í fjarfundi  
haldið 21. október

Börn eru klár  
hefst 29. október

## HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Gagnavinnsla í SPSS  
haldið 6. október

Stofnun fyrirtækis – frá viðskiptahugmynd til reksturs  
hefst 6. október

Samtalstækni – aðferðir í hugrænni atferlismeðferð  
hefst 8. október

Lýsandi tölfraði í SPSS  
haldið 20. október

Viðbótar og óhefðbundnar meðferðir í hjúkrun  
hefst 21. október

Ályktandi tölfraði í SPSS  
haldið 27. október

## SÉRNÁMSKEIÐ FYRIR RÍKISSTARFSMENN

Fjármál ríkisstofnana  
hefst 1. október

Val á verkefnum til útvistarar  
haldið 16. október

Einelti: Forvarnir og viðbrögð  
haldið 23. október

## MENNING, SJÁLFSRÆKT OG TUNGUMÁL

Farsælt líf – réttlátt samfélag  
hefst 1. október

Berlín – hin nýja miðja Evrópu  
hefst 6. október

Eyrbyggja saga  
hefst 7. október (hópur 1)  
hefst 9. október (hópur 2)

Fundir í félögum  
hefst 9. október

Danska – þjálfun í talmáli á léttum nótum  
hefst 13. október

Ísland og ímyndir Norðursins  
hefst 16. október

Aðventa eftir Gunnar Gunnarsson  
hefst 20. október (einnig í fjarfundi)

Heilög heimsmýnd fornaldar  
hefst 21. október

New York í sögu og samtíð  
hefst 22. október

Silkileiðin  
hefst 28. október

Vönduð íslenska – framhaldsnámskeið  
hefst 29. október

Tjáning og tilvist: expressionismi  
í myndlist og tilvistarstefnu  
hefst 30. október







**AUSTUR-ASIÚFRÆÐI** er tiltölulega nýtt BA-nám við Háskóla Íslands. Nemendur öðlast þekkingu á sögu og menningu Austur-Asíu og geta valið á milli þess að læra kínversku eða japönsku. Þeir sem taka Austur-Asíufræði sem aðalgrein, nema eina önn í Kína eða Japan, eftir því hvort tungumálið þeir hafa valið sér.

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

**Flott í vetur...**  
Stinnari líkamni á aðeins 4 vikum

**Alhliða dömupakki**  
Slendertone belti + buxur + armar þjálfar og stinnir allan líkamann kr. 42.900.-

System belti fyrir kvíðnövva dömu / herra kr. 24.900.-

allt fyrir kroppinn  
**HREYSTI**  
Skeifunni 19 - S. 568 1717  
www.hreysti.is



Bjarki Rafn Albertsson kajakræðari segir róðrana um fjörðinn afslappandi.

MYND/ÚR EINKASAFNI

BORÐAÐU ÞIG HOLLARI!

## Auðveldar þér að léttast

NÝTT MATAR-PRÓGRAM


Losaðu þig við 5 kíló á 5 vikum

Nýtt og yfirfarið matarprógram, sem hjálpar þér við að losa þig við aukakilóin.

Lærðu um það hvernig þú borðar fjölbreyttar máltíðir með hollum og góðum mat.



GARÐABÆ  
REYKJAVÍK  
REYKJANESBÆR  
AKUREYRI



Léttast um 30 kíló á 30 vikum



865-8407 vigtarradgjafarnir.is

## Kvöldróðrar um fjörðinn

Á Austfjörðum er starfræktur kajakklúbburinn Kaj og fer félagið í rökkurróðra á kvöldin. Bjarki Rafn Albertsson hefur verið félagi í nokkur ár og líkar vel. Hann segir róðrana afslappandi.

Kajakklúbburinn Kaj, félag kajakræðara á Austurlandi, stendur fyrir reglulegum kvöldróðrum á fjörðunum. Bjarki Rafn Albertsson er félagi í kajakklúbbnum.

„Þetta er toppurinn. Ég byrjaði í klúbbnum kringum árið 2000 og á minn bát sjálfur, en starfandi félagar voru um tíu til fimmtán í þessum félagaróðrum í sumar. Hér eru um tuttugu bátar og nýliðarnir leigja sér þá bát.“

Bjarki segir fyllsta öryggis gætt í kvöldróðrum félagsins. Ljós séu höfð með í för og reglulegt nafnakall og talning fari fram svo allir haldi hópinn. „Við förum oft í tveggja tíma róðra á kvöldin.

Oft tókum við með okkur nýliða og þá förum við styttri vegalengdir og róm þá með fram ströndinni. Þetta eru skemmtiferðir og kannski æfingar líka en aðallega gert fyrir samveruna.“

Klúbburinn er í samstarfi við önnur kajakfélög um landið og segir Bjarki fólk koma alls staðar að til að róa með þeim. Í sumar var haldið róðramótið Eiríkur rauði sem Bjarki segir hafa verið vel sótt. Ástæðu þess að Bjarki fékk sér kajak og byrjaði að róa um fjörðinn segir hann hafa verið áhuga sinn á sjónum.

„Ég hef alltaf haft áhuga á sjónum og til að byrja með var ég með trillu til að leika mér á, en þetta

kostar miklu minni pening og svo er engin hávaðamengun af þessu. Ég fer stundum einn í róðra en fer þá ekki langt. Maður sér alltaf eitthvað nýtt sem maður sá aldrei þegar maður sigldi framhá á trillu.“

Bjarki segir kajakróður íþrótt sem reyni á allan líkamann þegar réttir tækni hafi verið náð. Hann segir róðraferðirnar geta verið afslappandi en hann hafi þó íhugað að hætta að róa í sumar.

„Ég var á báðum áttum í sumar en nú er konan mín komin í þetta með mér svo það hefur peppað aftur upp áhugann. Þetta er fínt fjölskyldusport.“

heida@frettabladid.is

**Kafbátur mánaðarins**  
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða og ljúffengum sósum

**6 tommu bátur**  
**329 kr.**

**SUBWAY**  
í fínu formi

Gildir ekki með öðrum tilboðum  
Gildir ekki í Stjórnunumáli



## Næstu fyrirlestrar og námskeið

### Heilsuvörumarkaður

- 30. sept. Heilbrigð skynsemi, og heilsan í lag Matti Ósvald heilsuráðgjafi
- 07. okt. Mataræði fyrr og nú - Næring í viðari skilningi Haraldur Magnússon osteópatí
- 08. okt. Ævintýralif Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi
- 09. október 2008 Heilsukostur - Matreiðslunámskeið Auður I. Konráðsdóttir heilsukokkur
- 11. okt. Farðu alla leið, þína leið Arnbjörg Finnbogadóttir
- 15. okt. Hvað á ég að gefa litla barninu mínu að borða? Ebba Guðný Guðmundsdóttir

Opið virka daga kl. 10-20  
laugardaga kl. 10-17

maður lifandi  
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6  
[www.madurlifandi.is](http://www.madurlifandi.is)

## Birkiaska

Umboðs- og söluaðili  
Birkiaska ehf.  
sími: 551 9239

[www.birkiaska.is](http://www.birkiaska.is)



BETUSAN



## Minnistöflur

Umboðs- og söluaðili  
Birkiaska ehf.  
sími: 551 9239

[www.birkiaska.is](http://www.birkiaska.is)



FOSFOSER  
MEMORY

Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi



# Býrðu í eitruðu umhverfi?



Íshúsið býður lofthreinsitæki og þurrktæki til að verjast

## myglusvepp

## Ís-húsið

Smíðjuvegi 70 - 200 Kópavogi

Lofthæling - Lofthæting - Viftur

# Styrkja sig fyrir fæðingu

Sporthúsið mun nú í fyrsta sinn bjóða upp á meðgöngupílates tvisvar í viku. Hildur Sigurðardóttir kennir og skipuleggur tímana en áhersla er á mjúkar styrktaræfingar, öndun og boltaleikfimi.

„Ég legg mikla áhersla á mjúkar æfingar á boltanum. Líka mjög góðar teygju- og styrktaræfingar en markmiðið er að styrkja sig fyrir fæðingu, bæði andlega og líkamlega,“ segir Hildur Sigurðardóttir sem kennir í tímunum.


Sporthúsið býður nú í fyrsta sinn upp á meðgönguleikfimi af þessu tagi og á Hildur von á góðri þátttöku. „Tímarnir hefjast 7. október og eru tvisvar í viku, þriðjudaga og fimmtudaga. Þeir eru frá kl. 12.05-12.55 og því er kjörið að bregða sér í leikfimi í hádeginu og rækta líkama og sál,“ segir Hildur áhuga-söm en hún leggur mikla áherslu á að konur rækti sig sjálfar á meðgöngu til að vera vel undirbúna fyrir það sem koma skal.

„Þegar konur stunda hreyfingu á meðgöngu safna þær ekki eins miklum þjúg og verða ekki eins þirraðar í fótunum. Auk þess eru þær fljóttari að jafna sig eftir fæðingu og eru betur í stakk búna til að sinna móðurhlutverkinu,“ segir Hildur sem naut aðstoðar Kristínar Rúnarsdóttur við að útbúa æfingakerfið.

Hildur blandar saman jóga og fit-pílates í æfingum sínum. „Það er gaman að prófa eitthvað nýtt og mig langar að kynna þessar frábæru æfingar. Þrátt fyrir að þær taki í þá gerir hver og ein eins og hún getur. Æfingarnar geta einnig nýst í fæðingunni en farið er vel í öndun og þess háttar,“ útskýrir Hildur og bætir við að margar konur nýti sér boltann í fæðingunni sjálfri og að hann gagnist þar vel sem og heima við eftir fæðingu.

„Oft myndast skemmtilegir hópar í leikfiminum og er þetta góður félagsskapur. Stundum hafa konur farið saman á kaffihús eftir tímana og haldið sambandi,“ segir Hildur og mun hún hugsanlega fara af stað með mömmuleikfimi seinna ef áhugi skapast.

Hildur kennir einnig venjulegt fit-pílates fyrir alla sem hefst 6. október. „Þeir tímar eru líka góð hreyfing í framhaldi af fæðingu en



Sporthúsið býður nú í fyrsta sinn upp á meðgöngupílates. Hildur Sigurðardóttir kennir æfingarnar og hefur auk þess þróað æfingakerfið sem er blanda af fit pílates, boltaleikfimi og jóga.

það er frábært að skreppa í hádeginu og rækta sjálfan sig og styrkja maga, rass og læri. Ef fólk skráir sig í fit-pílates þá hefur það einnig aðgang að tækjasal Sporhússins,“ útskýrir hún.

Þeir sem hafa áhuga að skrá sig í meðgöngupílates og fit-pílates í Sporhúsinu geta sent tölvupóst á [salome@sporthusid.is](mailto:salome@sporthusid.is) en einnig er hægt að hringja í síma 771 4014 [hrefna@frettabladid.is](mailto:hrefna@frettabladid.is)

## Alþjóðleg ráðstefna 3.-5. október 2008

# Heilsa og vellíðan !



### Fræðsla - Kennsla - Skemmtun

Sæktu innblástur og fróðleik í smíðju heimsþektra og reyndra fagaðila eins og Les Moore, náttúrulæknis og frumkvöðuls í Integrative lækningum, Brian Dailey, skurð- og bráðalæknis í New York og Daniél J. Benor, geðsálfræðings og höfundar „Healing research“

Ráðstefnan er haldin að Hótel Kríunesi við Elliðavatn

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna og fyrirlestra er að finna á

[www.simnet.is/arnarljos](http://www.simnet.is/arnarljos)


Skráning: [radstefnuskraning@gmail.com](mailto:radstefnuskraning@gmail.com)

eða í síma: Lilja 699-0858, Póra 896-8521

Allir velkomnir

# VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“



Streita getur valdið mikilli vanlíðan og hefur áhrif á heilsufar.

## Námskeið í streitustjórn

**Þekkingarmiðlun ehf. býður upp á námskeið þar sem farið er í markvissar aðferðir til að stjórna álagi og meðhöndla streitu.**

Hinn 7. október býður Þekkingarmiðlun ehf. upp á námskeið frá kl. 12.30 - 16.30 í að stjórn álagi og streitu. Á námskeiðinu greina þátttakendur eigin streituvíðbrögð og streituból. Farið er í aðferðir til að stjórna og meðhöndla streitu og álag og ná þannig fram meiri ánægju í starfi og einkalífi. Leiðbeinandi er Kolbrún B. Ragnarsdóttir. Námskeiðið kostar 18.900 krónur. og hægt er að skrá sig á [www.thekkingarmiðlun.is](http://www.thekkingarmiðlun.is).



**ÆVINTÝRALÍF** heitir námskeið sem kennt verður hjá Manni lifandi miðvikudaginn 8. október næstkomandi. Nánari upplýsingar um það má fá á vefsíðunni [www.madurlifandi.is](http://www.madurlifandi.is).

# NÁM

## Enginn óbarinn biskup

Ný önn er að hefjast hjá Ad Astra, en námskeiðin hjá þeim eru ætluð bráðgerum og námsfúsum börnum í eldri bekkjum grunnskóla. Mörg ný námskeið verða í boði á þessari önn.

Hjá Ad Astra býðst grunnskólabörnum tækifæri til að læra undir handleiðslu háskólakennara í skapandi og framsæknu háskóla-umhverfi Háskólans í Reykjavík. Ad Astra fer af stað með sína þriðju önn í næsta mánuði og mörg ný og spennandi námskeið verða í boði að þessu sinni. „Tölvuöryggi er nýtt af nálinni, svo og franska, enskar smásögur, fornleifafræði, kvikmyndagerð og handritagerð fyrir kvikmyndir, en hátt í tuttugu mismunandi námskeið verða í boði,“ segir Brynja B. Halldórsdóttir framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Að sögn Brynju hafa spænsku-námskeiðin verið vinsælust og strax er farið að fyllast í námskeiðið fyrir næstu önn. „Í fyrra buðum við upp á rafmagnseðlisfræði sem var mjög vinsæl. Í ár ætlum við að breyta til og bjóða upp á rafmagnsverkfræði í staðinn,“ segir Brynja.

Námskeiðin eru fyrir börn í 6.-10. bekk grunnskóla, en að sögn Brynju er lítið mál að gera undantekningar fyrir yngri snillinga. Hún segir að yngsti nemandinn þeirra hafi verið tíu ára stúlka sem sat heimspekinámskeið í fyrra og að kennari hennar hafi talið hana með betri nemendum námskeiðsins. „Aldur skiptir litlu máli. Eina krafa sem við gerum er áhugi. Ef krakkar eru tilbúnir að vakna snemma á laugardags-

Brynja var ári á undan í skóla og skilur því þörf bráðgerra barna fyrir verkefni við hæfi.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



morgnum til að læra, þá eru þau velkomin,“ segir Brynja.

Að sögn Brynju hafa bæði krakkar og foreldrar verið ánægðir með námskeiðin og foreldrar hafa talað um að börn þeirra hafi fengið aukið sjálfstraust og orðið félagslyndari. „Það eru engin próf í námskeiðunum hjá okkur. Þau ganga einungis út á ánægjuna af að læra nýtt og meira.“

Stofnendur Ad Astra voru allir menntaskólanemar þegar fyrirtækið fór af stað og Brynja ári á undan í skóla. Hún skilur því þörf duglegra og bráðgerra barna fyrir

að fá tækifæri til að læra meira en það sem námskrá grunnskólanna býður upp á. Nafnið Ad Astra kemur úr fyrri hluta latnesks málsháttar sem þýða má á íslensku; Enginn verður óbarinn biskup. „Nafnið völdum við því við vitum að við þurfum öll að hafa fyrir því að komast áfram,“ segir Brynja.

Skráning á námskeiðin er hafin og fer fram á heimasíðu Ad Astra, [www.adastra.is](http://www.adastra.is). Þar er einnig hægt að finna nöfn allra námskeiðanna, námskeiðslýsingar og nöfn kennara. [klara@frettabladid.is](mailto:klara@frettabladid.is)

# ALLT HEILSA

Alla fimmtudaga

Auglýsingasími

# 512 50 50



- Mest lesið

# OUTLET SKÓZ

FISKISLÓÐ 75, 101 REYKJAVÍK

**5.400.-KR. VERÐ**  
st. 37-41

**4.900.-KR. VERÐ**  
st. 37-41

**1.900.-KR. VERÐ**  
st. 37-41

TVEIR FYRIR EINN Á ÖLLUM X-18 SKÓM

**4.500.-KR. VERÐ**  
st. 41-48

**5.600.-KR. VERÐ**  
st. 41-48

Dömu-SKÓR Herra-SKÓR Barna-SKÓR



# hafnarfjörður

ÞRIÐJUDAGUR 30. SEPTEMBER 2008



Jónas Halldórsson  
beitir óvenjulegum að-  
ferðum þegar hann gerir  
við húsgögn. **SÍÐA 4**



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

50% AFSLÁTTUR AF STEIN MÁNAÐARINS.  
Yfir 40 tegundir af stein í borðplötur ykkar.  
Legsteinar og fylgihlutir í miklu úrvali.

ENGLASTEINAR



**Granítsmiðjan**  
Selhella 3 • 221 Hafnarfjörður  
www.granit.is • 517 44 00



Hljómsveitin Hjaltalín flytur frumsamda tónlist í Bæjarbíói á föstudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Kung-fu og fjölskyldudrama

Páll Óskar Hjálmtýsson, sem á sennilega eitt stærsta safn af Super 8 millimetra kvikmyndum á Íslandi, ætlar að sýna úrval af sígildum Kung Fu myndum frá 8. áratugnum í Bæjarbíói við Strandgötu næstkomandi fimmtudagskvöld.

Kvöldið eftir mun hljómsveitin Hjaltalín flytja í Bæjarbíói eigin tónlist við kvikmyndina Saga orgarættarinnar frá árinu 1920.

Saga borgarættarinnar er dönsk kvikmynd byggð á samnefndri skáldsögu Gunnars Gunnarssonar. Hún var fyrsta kvikmyndin sem var tekin upp á Íslandi. Skáldverkið kom út á dönsku á árunum 1912 til 1914 og var hið fyrsta til að vekja athygli á Gunnari. Sagan var þýdd á fjölda tungumála og árið 1919 var hún kvikmynduð héraendis.


Atburðirnir eru styrktir af Hafnarfjarðarbæ og eru hluti af RIFF kvikmyndahátíðinni sem nú stendur yfir.

Kung-Fu kvöld Páls Óskar hefst klukkan 21 fimmtudagskvöldið 2. október, en tónleikar Hjaltalín hefjast klukkan 20 föstudagskvöldið 3. október.

Miðaverð er 2.000 krónur á hvorn atburð.

-kep

Páll Óskar sýnir Kung Fu myndir í kvikmyndahúsinu á fimmtudag.



# Bara tvær áttir í Hafnarfirði, suður og vestur

Það er einn af fáum sólríkum haustmorgnum í september. Hjónin Sigurður Hallgrímsson og Erla Eiríksdóttir eru nýkomin úr göngutúr með öðrum hressum eldri borgurum í Hafnarfirði. Þau hafa búið á Hvaleyrarholtinu hátt í 50 ár.



Sigurður og Erla hafa alltaf búið í sama húsinu sem hann vann fyrir í siglingum og hún sá um að reisa.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

„Ég er Snæfellingur en hef borgað mína skatta hér í Hafnarfirði frá 1961. Erla er hins vegar ekta Gafllari,“ segir Sigurður Hallgrímsson glaðlega og gefur boltann yfir til konu sinnar Erlu Eiríksdóttur. „Já, ég er fædd á Jófríðarstaðarvegi og hef alltaf átt heima fyrir sunnan læk,“ segir hún og bætir við hlæjandi: „Það voru bara tvær áttir í Hafnarfirði þegar ég var að alast upp skilurðu, suður og vestur og lækurinn skildi á milli. Svo hef ég aldrei flutt frá því að ég gifti mig og það er ekki algengt í dag.“

Sigurður segist hafa krækt í góða konu. „Hún sá meira að segja um að byggja húsið okkar meðan ég var í siglingum. Það sýnir best atorkuna í þessum ekta Hafnarfirðingum,“ segir Sigurður stoltur af sinni konu. „Það er alveg rétt,“ viðurkennir Erla. „Sigurður sá ekki húsið frá því að það var plata í grunninum og þar til það var komið undir þak. En hann var að vinna fyrir því og stóð í timburflutningum á Hvassafellinu í Hvíta hafinu allt sumarið. Fékk bara sendar myndir af framkvæmdunum heima. Ég útvegaði smíði og allt svoleiðis og átti góðan föður sem var mér innan handar en naglhreinsaði sjálf hverja spýtu.“

Eins og margir Hafnarfirðingar hefur Sigurður verið tengdur hafinu megnið af ævinni. Fyrst í siglingum í sextán ár, frá 1956 til 1972, lengst af á olíuflutningaskipinu Hamrafellinu sem var í förum milli Svartahafsins og Íslands en undir lokin víðar, til dæmis til Perú, Alaska og fleiri landa. Síðan var hann starfsmaður Hafnarfjarðarhafnar í þrjátíu ár og það er greinilega þar sem hjarta hans slær.

„Höfnin er einstök frá náttúrunnar hendi og hefur verið miðdepill atvinnulífsins í bænum,“

bendir Sigurður á. „Hér er fyrsti verslunarstaður suðvesturhornins, Skúli fífoeti hóf hér þilskipaútgærd á 18. öld og Coot, fyrsti togari Íslendinga, kom til Hafnarfjarðar 1905. Togaraútgærd og fiskvinnsla var svo auðvitað stóratvinnuvegur hér lengst af síðustu öld,“ rifjar hann upp og finnst risið hafa lækkad á þeirri grein í bænum. Aðeins einn togari er gerður út í dag og fiskvinnslan nánast horfin úr firðinum. Hann er heldur ekki ánægður með þróunina á Norðurbakkanum. Þar hefði hann viljað sjá farþegaskipahöfn í stað íbúðablokka sem taka útsýnið frá byggðinni á bak við.

Þau Sigurður og Erla eiga þrjú börn og Erla kveðst hafa verið heimavinandi meðan eiginmaðurinn var á sjónum. Síðan tók við starf í bókaverslun í þrjátíu ár í miðbæ Hafnarfjarðar, lengst af undir merkjum Olivers Steins. „Eftir það fór ég að vinna á Hrafnistu í þrjú ár og það fannst mér gaman, sérstaklega af því að ég er Hafnarfirðingur og þekkti svo margt eldra fólk á heimilinu,“ segir hún brosandí.

Nú taka þau hjónin virkan þátt í öflugum starfi félags eldri borgara í bænum eins og morgungangan er til vitnis um. Söngur, dans og ferðalög eru líwika á dagskránni.

-gun

### MINN HAFNARFJÖRÐUR

Katrín S. Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs, hefur búið í Hafnarfirði í 36 ár.

#### Uppáhaldsveitingastaður:

„Það er mjög huggulegt að borða á Fjörinni. Ég segi það frá hjartanu, Fjaran frekar en Kentucky.“

#### Uppáhaldsgönguleið:

Miðbærinn er sérlega fallegur til gönguferða. Gamli hluti bæjarins og Helliggerði eru í uppáhaldi hjá mér.“

Katrínu Ólafsdóttur framkvæmdastjóra Hagvangs finnst gott að ganga um Helliggerði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Verkalýðsfélagið Hlíf



galleri  
THORS

LINNETSSTÍG 2 SÍMI 565 0955  
www.gallerithors.net

Verndarengill



GULLSMÍÐJAN

Eyðurín Þórnadóttir  
Gullsmíður

LÆKJARGATA 34C  
HAFNARFIRÐI  
565 4453

GULLSMIDJAN.IS



Klæðir börn vel!

**DIDRIKSONS 1913**  
Grundsund SWEDEN

Hugo stráka úlpa  
st. 80-120  
**6.990**



Lea gallar  
st. 80-140  
**9.990**

Reykjavíkurvegi 60  
Hafnarfirði

s. 555 2887 • [www.musikogsport.net](http://www.musikogsport.net)



## VELKOMIN TIL OKKAR

SMFR sem staðsett er á stórhöfuðborgarsvæðinu leitar eftir faglærðu og ófaglærðu starfsfólki á:

- heimili fatlaðs fólks
- hæfingarstöðvar
- skammtíavistanir
- meðferðarheimili

Í boði er:

- dagvinna í 100% starfi
- vaktavinna í mismunandi starfshlutföllum
- fjölbreytt og lærdómsrík störf
- námskeið og öflugur stuðningur í starfi

Nánari upplýsingar um störfin eru veittar á skrifstofutíma í síma 525 0900 eða á heimasíðu [www.smfr.is](http://www.smfr.is)  
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningum fjármálaráðherra og aðildarfélaga innan BHM eða SFR.



**smfr**

● ● Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi ●

Rýmum fyrir nýjum vörum  
Spennandi tilboð  
á næstu dögum

**MAMBO**  
TISKUVORUVERSLUN

Sími: 544 2044

**FÁNAPRENTUN**

AFGREIÐSLA FÁNA SAMDÆGURS



**SILKIPRENT**

Hafnarfirði - S: 544 2025



I.a Eyeworks  
IC! Berlin  
Face á Face  
D&G  
Vogue  
Rodenstock  
J.F. REY  
BOSS  
Cucci  
KunoQvist  
Porsche Design  
RayBan  
Kaenon Polarized

**Sjónlínan**

STRANDGÖTU 39 • S. 555 70 60

[www.sjonlinan.is](http://www.sjonlinan.is)



„Sjáðu merkin hérna,“ segir Jónas og bendir á bakhliðina á fallegru silfurskeið. „Þetta segir mér allt um hvaðan hluturinn kemur og hvenær hann var framleiddur.“ Engu skiptir hvað á vegi Jónasar verður, hann þekkir sögu hvers einasta hlutar og les í silfur eins og aðrir lesa skáldsögur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Les silfur eins og sögu

Antíkbúðin við Strandgötu er völundarhús gamalla muna. Þar ræður ríkjum fólk sem les í gamla gripi og þekkir sögur þeirra jafn vel og lófann á sér.

Sigurlaug Gunnarsdóttir stendur í miðri verslun og ber Gunnars majónes á gamla tekkstóla. „Við lásúm það í gamalli Víku að þetta væri gott á tekkið,“ segir Sigurlaug skælbrosandi þegar hún sér undrunarsvipinn á blaðamanni. „Og það verður að vera Gunnars majónes,“ segir Jónas Ragnar Halldórsson þegar hann kemur aðsvífandi og bætir við: „Þetta þrælvirkar.“



Starfsmenn Antíkbúðarinnar við Strandgötu lásu í gamalli Víku að gott væri að bera Gunnars majónes á gamla tekkstóla og hafa fylgt þeirri reglu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigurlaug og Jónas eru eigendur og starfsmenn Antíkbúðarinnar sem stendur við Strandgötu í Hafnarfirði. Þau eru ekki bara sérfróð um majónes og tekk heldur allt sem viðkemur antík.

Jónas leiðir blaðamann í gegnum verslunina, sem er eins og stórt völundarhús stútfullt af húsgögnum og ýmsum heillandi gripum, sem eru sumir hverjir nokkuð hundruð ára gamlir. Engu skiptir hvað á vegi hans verður, hann þekkir sögu hvers einasta hlutar og les í silfur eins og aðrir lesa skáldsögur.

„Sjáðu merkin hérna,“ segir hann og bendir á bakhliðina á fallegru silfurskeið. „Þetta segir mér allt um hvaðan hluturinn kemur og hvenær hann var framleiddur.“ Næst gripur hann lítinn platta með brjóstmynd af Jóni Sigurðssyni og rekur ekki bara sögu plattans, heldur ævisögu mannsins sem bjó hann til.

„Fólk kemur mikið hingað til að láta okkur meta gamla gripi. Oft kemur það því í opna skjöldu hversu verðmæta gripi það er með í höndunum. Um daginn kom hingað til dæmis stúlka með gamla vasa sem hún hafði erfð eftir afa sinn. Í ljós kom að þeir eru milljónarvirði.“

Það segir sig kannski sjálfst að manni sem rekur antíkverslun er annt um varðveislu og meðferð gamalla hluta? „Jú, vissulega



Sumir gripirnir eru nokkur hundruð ára.

en núna er talsvert um að fólk sé að kaupa gömul húsgögn og láta sprautulakka þau. Ég skal viðurkenna að stundum sviður mig undan því, en ég held að það geti verndað hlutina að lakka þá.“ Að því sögu bendir hann á borð sem hann segir vera gamla íslenska hönnun í fúnkístíl. „Eins og sjá má er farið að brotna upp úr því og spurning hvort það bjargi ekki borðinu að lakka það.“

Íslenska hönnun er að finna víða í versluninni og líka skandinavíska. „Við höfum verið með Svaninn og Eggíð og alla þessa frægu stóla,“ segir Jónas. „Við fáum allt hingað inn.“

-kep

### MINN HAFNARFJÖRÐUR

Brynhildur Pálsdóttir vöruhönnuður er borinn og barnfæddur Hafnfirðingur:

#### Uppáhaldsveitingastaður:

„Gamli vinnustaðurinn minn Súfistinn. Þar er sérstaklega huggulegt að koma við eftir góðan göngutúr og fá sér kaffibolla.“

#### Uppáhaldsgönguleið:

„Best er að taka góðan gönguhring úr miðbænum upp á Hamarinn og svo Strandgötuna, Norðurbæinn og Skúlpúrgarðinn. Labba svo meðfram sjónum og gömlu sundlauginni og enda á Súfistanum.“

-rat

Brynhildur Pálsdóttir vöruhönnuður segir gott að enda gönguferðirnar á Súfistanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





# Lindu suðusúkkulaði



Súkkulaðisamleikur  
sælkerans



Lindu suðusúkkulaði - ómótstæðilega gott!



## MINN HAFNARFJÖRÐUR



Sigríður Ásta Árnadóttir fatakönnuður heldur upp á Mann lifandi í Hafnarfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sigríður Ásta fatakönnuður hefur verið búsett í Hafnarfirði í tvö ár.

**Uppáhalds veitingastaður:** „Í Hafnarborg er Maður lifandi með útibú og þar er býsna notalegt að eyða hádegishléinu. Þá getur maður kíkt á listsýningu í leiðinni.“

**Uppáhaldsgönguleiðin:** „Hún liggur ekki fram hjá nýju blokkunum á Norðurbakkanum. En mér finnst ofsalega notalegt að rölta í gegnum gamla bæinn og skoða gömlu húsin og svo jafnvel fara einn hring í Hellisgerði. Síðan er ofboðslega fallegur göngustígur sem liggur í gegnum Setberg með fram læknum sem ég uppgötvaði bara í gær. Þar er sérstaklega gaman að ganga núna þegar hraunið er allt í haustlitunum.“

-rat

# Færeyskir tónar á Fjörúkránni

Alltaf er nóg um að vera á veitinga- og skemmtistaðnum Fjörúkránni í Hafnarfirði og nú fer að líða að færeyskum dögum staðarins.

„Ein flottasta hljómsveit Færeyinga mun koma og spila hjá okkur á færeyskum dögum, helgina 24. til 26. október. Við munum bjóða upp á færeyskan mat og hljómsveitin spilar fyrir matargesti á litla veitingastaðnum okkar, Fjörúnni. Eftir matinn verður haldinn dansleikur í færeyskum stíl í Fjörugarðinum þar sem sama hljómsveitin leikur,“ segir Jóhannes Viðar Bjarnason, framkvæmdastjóri og eigandi Fjörúkránnar.

Fjörúkráin er samheiti yfir tvo mismunandi staði. Fjöruna, sem er lítill og rómantískur staður, og Fjörugarðinn, þar sem syngjandi víkingar taka daglega á móti fólki og bera mat fram í trogum og leirskálum. „Við erum með víkingaveislur og líflegar uppákomur á hverju kvöldi,“ segir Jóhannes og bætir við að um jólin breytist víkingarnir í íslenska jólasveina sem þjóna gestum. Matseðill staðarins er mjög fjölbreyttur og að sögn Jóhannesar er Víkingamatseðillinn, sem er á þjóðlegu nótunum, afar vinsæll.

Jóhannes rekur einnig Hótel Víking fyrir utan Fjörúkrána.

„Hótelíð er engu líkt en við opnuðum það árið 2000. Við erum með 42 herbergi búin öllum nútíma þægingindum. Hvert herbergi er svokallað þemaherbergi. Fyrir utan víkingastílinn þá erum við líka með herbergi í færeyskum og grænlandskum stíl. Einnig erum við með heitan pott, gufubað og minjagripaverslun þar sem við seljum mikið af handverki og minjagripum frá Grænlandi og Færeyjum, ásamt munum frá víkingatímabilinu.“

Hótelíð og veitingastaðirnir eru vel sóttir af erlendum ferðamönnum, en Jóhannes segir Íslendinga líka hafa stundað Fjörúkrána vel í gegnum tíðina. „Við erum oft með góð tilboð fyrir fólk utan af landi og það er duglegt að koma. Við fáum líka mikið af Færeyingum, en Fjörúkráin er mjög vel þekkt í Færeyjum.“

Fjörúkráin hefur verið starfrækt í átján ár og hefur Jóhannes fylgt staðnum alla tíð. Hugmyndina að staðnum fékk hann í útskriftarferð ásamt félögum sínum úr Hótel- og veitingaskólanum til New York. „Þá fórum við á ítalskan veitingastað þar sem allir þjónarnir voru ítalskir óperusöngvarar og þeir sungu fyrir matargesti. Þessi upplifun sat í mér og mig langaði að laga hugmyndina að íslenskum aðstæðum og það tókst.“

-kka



Jóhannes Viðar segir færeyska daga ávallt vinsæla en þeir eru nú haldnir í tólfta sinn í Fjörúkránni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Ævintýrleg

# antikútsala

## Í okt. 25-50% af

Antikbúðin  
KAUPUM OG SELJUM

Strandgata 24 • Hafnarfirði 552 8222





Sigurbjörg Karlsdóttir leiðir gesti og gangandi um álfbýggðina í Hafnarfirði og fléttar ýmsum fróðleik við ferðirnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## Huldir heimar

Hafnarfjörður hefur lengi verið þekktur fyrir eina af stærstu álfbýggðum landsins. Aldagamlar þjóðsögur herma að heilu fjölskyldur huldufólks búi í hrauninu við miðbæinn, en þær hafa þó löngum lifað í sátt og samlyndi við mennta Hafnarfirðinga.

Huliðsheimar bjóða upp á gönguferðir um hinar þekktu hafnirsku álfaslóðir þar sem meðal annars er farið um Hellisgerði og að hamrinum, en það er fríðlyst grágrýtisklökk sem rís yfir lækinn og miðbæinn. Talið er að í hamrinum búi huldufólk af konungakyni og að þar sé höll álfanna.

Gönguferðirnar taka upp undir tvo tíma en meðan á ferðinni stendur segir Sigurbjörg Karlsdóttir leiðsögumaður sögur af álfaheimum sem hún fléttar saman við sögu Hafnarfjarðar.

Nánari upplýsingar má nálgast á [www.alfar.is](http://www.alfar.is).

-mm



Reglulegar sýningar hafa verið í Bæjarbíói frá árinu 2001.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Kvikmyndasagan í Hafnarfirði

Í Hafnarfirði starfar Kvikmyndasafn Íslands sem hóf starfsemi fyrir þrjátíu árum í Reykjavík og fagnar þeim tímamótum í haust.

Kvikmyndasafnið hefur til umráða gamalt bíóhús í Hafnarfirði sem heitir Bæjarbíói en það var opnað í janúar 1945 og hefur verið gert upp fyrir Kvikmyndasafnið í samræmi við upphaflegar hugmyndir við byggingu þess. Safnið sýndi tvær myndir í tilefni af afmælinu í Bæjarbíói í byrjun september en í lok nóvember verður þriðja og síðasta afmælishátíðarmyndin sýnd.

Bæjarbíói er við Strandgötuna í Hafnarfirði og í því hafa verið reglubundnar sýningar frá árinu 2001. Fyrst var einungis um að ræða eina sýningu á viku en þeim var fljótlega fjölgað í tvær og eru nú á þriðjudögum og laugardögum.

Nánari upplýsingar má nálgast á [www.kvikmyndasafn.is](http://www.kvikmyndasafn.is).

-mmf

## Heitir pottar og minigolf

Ásvallalaug, sem margir telja eina glæsilegustu sundmiðstöð landsins, var opnuð í byrjun september og nú hafa því bæði Hafnarfirðingar og gestir þeirra úr fjölbreyttu úrvali að velja þegar stunda á sund.

Í Hafnarfirði voru fyrir opnun Ásvallalaugar tvær sundlaugar. Önnur er hin gamalgróna Sundhöll Hafnarfjarðar sem var vígð í lok ágúst 1943. Í upphafi var Sundhöllin opin útisundlaug með upphituum sjó. Árið 1952 var byggt yfir hana og fékk hún þá nafn sitt í leiðinni. Tvær útisund-

laugar voru teknar í notkun á úti-svæði Sundhallarinnar árið 1977. Hin sundlaugin, Suðurbæjarlaugin, er talsvert yngri en hún var vígð í októberlok 1989. Í henni er útisundlaug, sérhönnuð kennslulaug, buspollur og þrjár mismunandi heitir pottar ásamt mini golfvelli sem blautir sundlaugargestir geta spreytt sig á inn á milli sundspretta.

Heimild: [www.islandia.is/~hfjsport/](http://www.islandia.is/~hfjsport/).

-mmf

Ásvallalaug var opnuð í september og hefur verið vel tekið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Vinalega verslunamiðstöðin með yfir 20 verslanir tilbúnar til að þjóna þér.

*Opið mán. – fim. 10-18*

*Föstudaga 10-19*

*Laugardaga 10-16*

[www.fjordur.is](http://www.fjordur.is)

POWERED BY **LEPPIN**

# TIL HAMINGJU FH MEÐ ÍSLANDSMEISTARATITILINN!

Soccerade gefur þér kraftinn alla leið.



# Soccerade

The Key Player











[soccerade.com](http://soccerade.com)

# NOTAÐIR BÍLAR HJÁ INGVARI HELGASYNI SÆVARHÖFÐA 2

FRÁBÆR  
ÞJÓNUSTA,  
GLÆSILEGT  
ÚRVAL!

## ÞÚ FINNUR DRAUMABÍLINN HJÁ IH!

Frábært úrval notaðra bíla og góðum kjörum. Kíktu á bilaland.is og skoðu þá alla!

TILBOÐSBÍLAR	500.000 - 1.500.000	1.500.000 - 3.000.000	3.000.000 - 4.500.000	ATVINNUBÍLAR
 <p><b>TILBOD</b> <b>3.890.000,- kr</b></p> <p>BMW 520i nýskr.04/05 ssk. Ek.37.þús.km. Verð.4.580.000.</p>	 <p><b>590.000,- kr</b></p> <p>Skoda Fabia nýskr.08/01 bs. Ek.90.þús.km.</p>	 <p><b>2.290.000,- kr</b></p> <p>Nissan Note nýskr.05/07 ssk. Ek.7.þús.km.</p>	 <p><b>4.390.000,- kr</b></p> <p>Nissan Pathfinder SE nýskr.06/05 ssk. Ek.57.þús.km.</p>	 <p><b>TILBOD</b> <b>1.420.000,- kr</b></p> <p>Renault Traffic Langur Diesel nýskr.11/04 bs. Ek.117.þús.km. Verð.1.820.000.</p>
 <p><b>TILBOD</b> <b>5.750.000,- kr</b></p> <p>Volvo S80 Diesel nýskr.01/08 ssk. Ek.3.þús.km. Verð.6.890.000.</p>	 <p><b>650.000,- kr</b></p> <p>Subaru Forester nýskr.11/99 bs. Ek.136.þús.km.</p>	 <p><b>2.580.000,- kr</b></p> <p>Skoda Octavia nýskr.02/06 bs. Ek.64.þús.km.</p>	 <p><b>4.190.000,- kr</b></p> <p>Nissan Patrol Luxury nýskr.04/05 ssk. Ek.60.þús.km.</p>	 <p><b>2.630.000,- kr</b></p> <p>Renault Traffic nýskr.04/06 bs. Ek.90.þús.km.</p>
 <p><b>TILBOD</b> <b>2.390.000,- kr</b></p> <p>Hyundai I30 1.6 Comfort nýskr.04/08 ssk. Ek.6.þús.km. Verð.2.990.000.</p>	 <p><b>1.150.000,- kr</b></p> <p>Renault Scenic RXE 1,6 nýskr.07/03 bs. Ek.75.þús.km.</p>	 <p><b>2.990.000,- kr</b></p> <p>Nissan Terrano Luxury nýskr.06/04 ssk. Ek.70.þús.km.</p>	 <p><b>4.090.000,- kr</b></p> <p>Nissan Navara 2.5 LE nýskr.08/07 ssk. Ek.6.þús.km.</p>	 <p><b>1.390.000,- kr</b></p> <p>Opel Combo 1.6 nýskr.04/05 bs. Ek.32.þús.km.</p>
 <p><b>TILBOD</b> <b>1.890.000,- kr</b></p> <p>Nissan X-Trail 2.0 SPORT nýskr.02/05 ssk. Ek.75.þús.km. Verð.2.380.000.</p>	 <p><b>860.000,- kr</b></p> <p>VW Golf nýskr.11/01 bs. Ek.101.þús.km.</p>	 <p><b>2.670.000,- kr</b></p> <p>Toyota Corolla nýskr.06/07 ssk. Ek.23.þús.km.</p>	 <p><b>3.090.000,- kr</b></p> <p>Subaru Forester nýskr.11/06 ssk. Ek.28.þús.km.</p>	 <p><b>1.250.000,- kr</b></p> <p>Opel Combo 1.6 nýskr.01/04 bs. Ek.50.þús.km.</p>

FINNDU RÉTTA BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS!

Á nýja vefnum okkar, bilaland.is, geturðu fundið nákvæmlega þann bíl sem þú leitar að með einfaldri leit. Þú gramsar og rótar og færð allar upplýsingar um hvern bíl og skoðar fjölda mynda áður en þú kemur á staðinn - þannig verða bílakaupin miklu markvissari.



**bilaland**

BILALAND.IS

575 1230

SÆVARHÖFÐI 2





## Atvinna

**MÁLMIÐNAÐARMENN  
OG JÁRNSMIÐIR**

Erum með vana málmiðnaðarmenn og járnsmiði sem óska eftir mikilli vinnu.

**Upplýsingar í s. 840 1616  
Kraftafl ehf**

**Grunnskóli Seltjarnarness**  
Mýrarhúsaskóli – Valhúsaskóli**Eftirfarandi starf er laust  
til umsóknar****Skólalritari**

í fullt starf. Þarf að geta byrjað sem fyrst.

Upplýsingar veita Guðlaug Sturlaugsdóttir, [gustur@seltjarnarnes.is](mailto:gustur@seltjarnarnes.is) og Baldur Pálsson, [baldur@seltjarnarnes.is](mailto:baldur@seltjarnarnes.is), sími 5959250.

Á Seltjarnarnesi eru um 640 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

SELTJARNARNESBÆR  
Skólaskrifstofa

[www.grunnskoli.is](http://www.grunnskoli.is)

**GARÐABÆR**

[www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

**Starfsmaður í Jónshús**

Starfsmaður óskast í 50% starf í Jónshúsi félags- og þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara í Garðabæ.

Starfið felur m.a. í sér umsjón með eldhúsi.

Reynsla af starfi með eldri borgurum ásamt reynslu af starfi í eldhúsi eða mótuneyti er kostur. Rík þjónustulund, jákvæðni og áhugi fyrir samskiptum við fólk er nauðsyn. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Hulda Ósk Gränz, forstöðufreyja félagsstarfsins í síma: 512 1501.

Umsóknnum skal skilað í Jónshús, félags- og þjónustumiðstöð, Strikinu 6-8, 210 Garðabæ. Einnig er hægt að sækja um á vef Garðabæjar: [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

**Umsóknarfrestur er til 8. október nk.**

**Fjölskyldusvið Garðabæjar**

Auglýsingasími

**512 50 50**

Mest lesið

**FROST** mark EHF

Óskum eftir  
**vélfræðingi, vélstjóra,  
vélvirkja.**

**Starfssviðið felst í almennri þjónustu  
á kæli- og frystikerfum,  
uppsetningum kerfa og smíði kerfa.**

Nánari upplýsingar gefur Guðlaugur Pálsson í síma 893-9421.  
Hægt er að senda inn starfsumsóknir á pósthfang [gulli@frostmark.is](mailto:gulli@frostmark.is).

**Frostmark ehf. er fyrirtæki á sviði kæli- og frystitækni**

**Fasteignablaðið**

**512 5469**

**694 4103**

**Ruth Bergs**  
[ruth@365.is](mailto:ruth@365.is)



## Fasteignir

**Fyrir einyrkja og lítil fyrirtæki**  
Hagstæð leiga og fyrsta flokks aðstaða**Hvar er NETLA?**

Á annari hæð í Nethyl 2 eru mjög glæsilegar skrifstofur fyrir einyrkja og fámenn fyrirtæki. Við köllum húsnæðið NETLU- skrifstofugarðar. Þar koma smærri fyrirtæki saman og deila með sér aðstöðu og kostnaði. Starfsmenn hafa lokaðar skrifstofur en hafa félagsskap af hver öðrum eins og hver óskar.

Nethylur er í Árbæ og stendur við fjölförnustu gatnamót landsins. Frá Nethyl liggja leiðir til allra átta á höfuðborgarsvæðinu

**Laust í NETLU**

Við eigum þrjú herbergi sem eru laus eða eru að losna á næstunni. Hentar öllum er þurfa á vönduðu skrifstofuplássi af hóflegri stærð.

**Fundarherbergi í NETLU**

Í NETLU er fundarherbergi fyrir 6 manna fundi eða færri. Það er vel búið með skjávarpa og þráðlaust net er í öllu húsnæðinu.

**Verð í NETLU?**

Verð: frá kr. 38.500 auk vsk.

Innifalið: hiti, rafmagn, netaðgangur, þrif á sameign, aðgengi að fundarherbergi með skjávarpa, kaffiástaða og setustofa.

Það er ALLT að því ALLT innifalið!

**Nánari upplýsingar**

Allar frekari upplýsingar veitir Gunnar í síma 664-6550

**NETLA**  
skrifstofugarðar

**Engjaping 17-23**  
Tryggur byggingaaðili

**Húsafl**  
BYGGINGAFÉLAG



Mjög vandaðar 3ja og 4ra herbergja íbúðir. Tvennar svalir, rúmgóðir bílskúrar og glæsilegt útsýni yfir Elliðavatn.

Verð frá kr. 33.500.000

Hagstæð lán frá verktaka í boði.

Nánari upplýsingar veitir  
Ragnar í Ásbyrgi  
í síma 822-3737

**ÁSBYRGI** ehf  
ÁBYRG FASTEIGNASALA





# Drög að stefnu Vinstri grænna í málefnum utangarðsfólks

## UMRÆÐAN

Porleifur Gunnlaugs-son skrifar um utangarðsfólk



PORLEIFUR GUNNLAUGSSON

Það sem er fyrst og fremst gott við stefnu borgarinnar í málefnum utangarðsfólks af báðum kynjum er það að hún er fyrsta stefna sinnar tegundar á Íslandi og brautryðjandi sem slík. Utangarðsfólk á erfitt með að bera hönd fyrir höfuð sér, verja stjórnskrárvörðinn mannréttindi og rétt til húsnæðis. Stefnan er árangur af baráttu þeirra fjölmörgu sem tekið hafa upp hanskann fyrir þetta fólk. Það er verðugt markmið að efla samstarf og forvarnir, auka reglubundna þjónustu, styrkja tímabundin úrræði og fjölga langtíma úrræðum. Stefnan er aðgengileg á vefsvæði Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

## Stefnumótun

Undirritaður hefur átt sæti í starfshópi á vegum velferðarráðs Reykjavíkur um málefni utangarðsfólks síðan 6. febrúar 2007, eða í rúma nítján mánuði. Hópurinn boðaði fjölmarga hagsmunaaðila og fagfólk til samráðs og hélt átján formlega fundi. Má þar nefna fulltrúa frá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða (sem er þekkingarmiðstöð í málaflokknum), Landspítala, SÁÁ, Geðhjálp, Krísuvíkursamtökunum og svo mætti lengi telja. Safnað hefur verið saman gríðarlegri reynslu og þekkingu sem getur orðið góður grunnur að stefnu borgarinnar í málaflokknum. Þegar drögin að stefnunni voru lögð fram til fyrstu (og einu) umræðu í velferðarráði lagði minnihlutinn til að þau yrðu send til allra þeirra sem að málinu komu til umsagnar. Slíkt er alvanalegt og ber vott um vönduð vinnubrögð og virðingu fyrir þeim sem að málinu hafa komið á formlegan hátt. Þessu var samt sem áður hafnað af hálfu meirihlutans.

## Hjáseta

Vinstri græn í velferðarráði og borgarráði ákváðu að sitja hjá við afgreiðslu málsins aðallega af neðangreindum ástæðum:

- Stefnan tryggir það ekki að utangarðsmenn fái þak yfir höfuðið á þessu ári heldur einhvern tíma á því næsta.
- Opna á langtíma húsnæðisúrræði fyrir utangarðskonur í neyslu einhvern tíma á næsta ári. Þetta þolir enga bið. Sumar konurnar sjá sig tilneyddar að búa hjá körlum gegn misnotkun.
- Talað er um að „skammtíma gistiskýli uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til úrræða af þessu tagi. Skoðaður verði núverandi

húsnæði og lagðar fram tillögur að breytingum ef þurfa þykir“. Og þetta á að gera einhvern tíma á næsta ári. Starfshópur sem starfað hefur í nítján mánuði hefur ekki skoðað það húsnæði sem er til staðar. Það hefur undirritaður gert og er á þeirri skoðun að neyðarskýlin eru í húsnæði sem er í raun ekki bodlegt þessu veika fólk. Nú þegar þarf að byggja eða kaupa sæmandi húsnæði í miðborginni.

d) Engin hugmyndafræði er í stefnunni um bata og eðlilegt líf. Þótt talað sé um „búsetuúrræði með félagslegum stuðningi“ og hafa eigi „samstarf um rekstur á

slíku úrræði við viðeigandi aðila“ er það ekki útlistað frekar. Stefna í þessum málaflokki sem ekki talar skýrt um leið út úr vandanum er gölluð. e) Ýmislegt annað er umhugsunarvert eins og það að samkvæmt stefnunni á það ekki að vera tryggt fyrr en á árinu 2010 að utangarðsfólk njóti heimilislæknis.

## Drög að stefnu VGR

Eftir þá vinnu sem nú hefur átt sér stað telur undirritaður að eftirfarandi aðgerðir eigi að vera skýrar í stefnu og aðgerðaráætlun í málefnum utangarðsfólks en sumar þeirra eru nú þegar í stefnu Reykjavíkurborgar:

- Rannsókn í samráði við fagaðila á umfangi þeirra sem teljast til


*Opna á langtíma húsnæðisúrræði fyrir utangarðskonur í neyslu einhvern tíma á næsta ári. Þetta þolir enga bið. Sumar konurnar sjá sig tilneyddar að búa hjá körlum gegn misnotkun.*

utangarðsfólks. Má þar nefna Landspítalann, SÁÁ, RKÍ, Geðhjálp, Samhjálp, Lögregluna og Þjónustumiðstöð miðborgar.


- Gistiskýli (neyðarathvarf) fyrir konur og karla í neyslu. Staðsett í eða við miðbæinn – tengt mötuneyti. Borgin kaupir eða byggir viðunandi húsnæði.

- Áfangahús fyrir konur og karla í neyslu – staðsett í eða við miðbæinn.
- Færanleg hús fyrir pör og einstaklinga í neyslu sem ekki þrífast í sambylí.
- Búsetuúrræði fyrir konur og karla í neyslu í eða við miðbæ.
- Búsetuúrræði fyrir utangarðsfólk í bata tengt meðferðarstöð. 1-3 ár.
- Búsetuúrræði fyrir utangarðsfólk í bata í Reykjavík með miklu utanumhaldi.
- Félagslegt húsnæði, sjálfstæð búseta.

*Höfundur er borgarfulltrúi VG og átti sæti í starfshópi um málefni utangarðsfólks sem nýverið lauk störfum.*



www.bmw.is





Sheer Driving Pleasure

# BMW Xpo


## 2008

### Upplifðu BMW






**BMW 318i**  
Málmakk, 16" álfelgur, sjálfskipting, leðurklætt sportstýri, sensatec leðurliki, rafstýrt léttstýri og 143 hestöfl.



**BMW 320 Executive**  
Málmakk, 17" álfelgur, sjálfskipting, leðurinnrétting, hiti í framsætum, leðurklætt sporstýri, aðgerðarstýri, fjarlægðarvarri að aftan, geymslupakki, skriðstillir, regnskynjari, þokuljós, professional útlarp, rafstýrt léttstýri og 170 hestöfl.



**BMW 320i Sport**  
Málmakk, 17" M-álfelgur, sjálfskipting, geymslupakki, hiti í framsætum, M-leðurstýri, burstarðir állistar, sportsæti, M-vindklúfasett, M-sportfjórðun, satin chrome gluggalistar, Alcantara innrétting, svört loftklæðning, rafstýrt léttstýri og 170 hestöfl.

Til afhendingar strax.

Til afhendingar strax.

Til afhendingar strax.


## Hvað er BMW Xpo upplifun?

Nú kynna BMW og B&L nýja leið til að kynna þessum þýsku lúxusbifreiðum. Áratugareynsla BMW í sölu lúxusbíla sýnir að breyttar aðstæður í efnahagslífi kalla á breyttar fjármögnunarleiðir. Því þróaði BMW í Þýskalandi hið svokallaða Xpo úrræði og býður upp á það, á ákveðnum svæðum í heiminum. Til að viðhalda þeirri velgengi sem BMW hefur notið hér á landi undanfarin ár, hefur BMW tekið ákvörðun um að taka Ísland inn í Xpo-kerfið.

**Langur reynsluakstur.** BMW Xpo miðar að því að auðvelda sem flestum að aka um á BMW. Notaðir verða lagerbilar frá B&L og þeir niðurgreiddir með tímabundinni fjármögnun sem gerir fólk kleift að taka BMW til reynslu fyrir afar lága mánaðargreiðslu í skammta tíma.

**Engin áhætta.** Íslenska útgáfa Xpo-kerfisins byggir á 24 mánaða reynslu-samningi. Það þýðir að þú færð nýjan BMW í allt að 24 mánuði, en getur endurskoðað hug binn eftir 12 mánuði. Einnig getur þú valið að eignast bílinn á sérstökum Xpo-kjörum samkvæmt nánara samkomulagi. **Hafðu samband við sölufulltrúa strax í dag!**

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - [bmw@bmw.is](mailto:bmw@bmw.is) - [www.bmw.is](http://www.bmw.is)  
\*Rifun samnings eftir 12 mánuði þarf að berast til sölufulltrúa B&L mánuði áður en samningur rennur út eða á 11. mánuði.



Með bílinn handa þér



**ÍSLAGNIR**

Löggildir rafverktakar

Rafmagnsvandamál  
Talaðu þá við okkur

**Uppl. síma**  
**8604507 / 8494007**  
[islagmir@islagmir.is](mailto:islagmir@islagmir.is)  
[www.islagmir.is](http://www.islagmir.is)

ÍTALSKA LEIKKONAN MONICA BELLUCCI ER FERTUG Í DAG.

„Tíminn eyðileggur allt.“

Monica Bellucci náði heimsatshygli með leik sínum í myndunum Malèna, Brotherhood of the Wolf og Irreversible.



## tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 30. SEPTEMBER ÁRIÐ 1966

## Sjónvarpið hóf útsendingar

Sjónvarpið hóf útsendingar þennan dag árið 1966. Sjónvarpið er deild innan Ríkisútvarpsins, RÚV, sem einnig rekur þrjár útvarpsstöðvar.

Í fyrstu var sjónvarpað tvisvar sinnum í viku, á miðvikudögum og föstudögum. Útsendingum fjölgaði þó jafnt og þétt og lengi vel var sjónvarpað alla daga nema fimmtudaga. Sjónvarpið fór í sumarfrí í júlí ár hvert, allt til ársins 1983 og þá lágu útsendingar niðri. Það var svo í október árið 1987 sem byr-



að var að sjónvarpa alla daga vikunnar.

Áður en Ríkisútvarpið var stofnað hafði Kana-sjónvarpið svo nefnda verið með útsendingar en bandaríski herinn á Miðnesheiði hélt þeim úti.

Fréttabjónusta Ríkisútvarpsins efldist til muna þegar erlendar fréttir fóru að berast til landsins í september árið 1981 í gegnum jarðstöðina Skyggni í Mosfellsbæ.

## MERKISATBURÐIR

- 1148 Bærinn í Hítardal í Mýrasýslu brennur til kaldra kola. Þar farast meira en 70 manns, þar á meðal biskupinn í Skálholti, Magnús Einarsson.
- 1966 Botsvana fær sjálfstæði frá Bretlandi.
- 1994 Brú, 302 metrar að lengd, er tekin í notkun yfir Kúðafljótt. Við það styttest hringvegurinn um átta kílómetra.
- 1996 Eldgos hefst undir Vatnajökli 30. september og stendur til 13. október.
- 2005 Umdeildar skopteikningar af Múhameð spámanni birtast í danska dagblaðinu Jyllandsposten.
- 2006 Bandaríkjaher yfirgefur formlega herstöðina á Keflavíkurflugvelli.

## Ungar konur styrktar

Starfsmenntunarsjóður Bandalags kvenna í Reykjavík verður með markaðsölu að Hallveigarstöðum, Túngötu 14, klukkan 13 næstkomandi laugardag. Ágóði af markaðnum fer til að styrkja ungar konur til framhaldsnáms.

Fjáröflunarnefndin tekur við alls konar varningi og kompuðoti á Hallveigarstöðum frá klukkan 18 til 22 næstkomandi föstudag. Þeim sem vilja styrkja gott málefni og taka til í geymslunum hjá sér er velkomið að koma með dót að Hallveigarstöðum.



Tekið verður við varningi á Hallveigarstöðum á föstudaginn.

LAGAÐEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS: FAGNAR ALDARAFMÆLI

## Nýnemar aldrei fleiri

Lagadeild Háskóla Íslands fagnar því á morgun að liðin eru eitt hundrad ár frá því að lagakennsla hófst á Íslandi. Af því tilefni verður öllum lögfræðingum landsins, um 1.500 talsins, boðið til afmælistóttu á Háskólatorgi, auk laganema við deildina og annarra velunnara.

„Við það tækifæri verður útgáfu Lögfræðiorðabókar, í ritstjórn Páls Sigurðssonar prófessors við lagadeildina, fagnað en hún er sú fyrsta sinnar tegundar,“ segir Björg Thorarensen deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands. „Í henni er að finna samansafn hugtaka og lagamáls sem hefur mótast á síðastliðinni öld. Þar eru hátt í 13.000 upplettiorð og hefur ritið ótvírætt notagildi fyrir lögfræðinga. Það er þó ekki síður gagnlegt fjölmiðlamönnum en fréttaflutningur af lögfræðilegum málefnum vegur jafnan þungt. Þá er ritinu ekki síst ætlað að höfða til almenningss og stuðla að auknum skilningi á lögfræðilegri orðræðu.“

Afmælisdagsskránni verður svo haldið áfram og efnt til hátíðarmálþings sem ber yfirskriftina Lögfræði og lagánám í aldarspegli. Í tengslum við það verða flutt erindi og fyrirlestrar langt fram á vor. „Þar verður meðal annars fjallað um lögfræði og lagánám á Íslandi frá sjónarhóli sagnfræði og heimsspeki og tekist á við spurningar um hlutverk lögfræðinnar í nútímanum. Ýmsum erlendum fyrirlesurum verður boðið til landsins. Má þar nefna Antonin Scalia, dómara við Hæstarétt Bandaríkjanna, og Rosalyn Higgins, fyrstu konuna sem var skipuð í starf dómara við Alþjóðadómstólinn í Haag, en hún er núverandi forseti dómshins. Eins fáum við þekkta erlenda fyrirlesara sem fjalla um hafrétt og umhverfissétt en lagadeild Háskóla Íslands hefur viljað marka sér sérstöðu á því sviði,“ segir Björg.

Að hennar sögn hefur margt breyst frá því að lagaskólinn tók til starfa árið 1908 og fram til dagsins í dag, en skólinn varð að lagadeild við stofnun Háskóla Íslands árið 1911. „Stofnun lagaskólans var stórt skref í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga enda mikilvægt að kennsla og rannsóknir í íslenskum lögum færu fram á Íslandi. Eins að embættismenn hefðu íslenska



MIKIL HVATNING Björg Thorarensen segir Lögfræðiorðabók, í ritstjórn Páls Sigurðssonar prófessors við lagadeild Háskóla Íslands, hafa mikið notagildi fyrir lögfræðinga og fjölmiðlafólk.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

lögfræðimenntun í stað menntunar frá Kaupmannahafnarháskóla,“ segir Björg. „Í fyrstu var skólinn dæmigerður embættismannaskóli en eftir því sem fram liðu stundir var meira lagt upp úr rannsóknum og alþjóðlegri samvinnu og í dag starfar hann á mun breiðari grundvelli.“

Þegar lagaskólinn tók til starfa voru nemendurnir átta en í dag eru 750 nemendur við deildina. „Það felst mikil hvatning í því að nú á þessu hundradasta starfsári eru 300 nemendur að hefja nám við deildina en þeir hafa aldrei verið fleiri,“ segir Björg og nefnir ýmsar skýringar á því.

„Það er mikill áhugi á lögfræði í samfélaginu og fólk veit að þetta er háskólanám sem nýtist vel. Þá fórum við í öfluga kynningu á náminu í vor sem hefur skilað sínu. Eins er því haldið fram að margir vilji nýta tímann nú á meðan samdráttur er í efnahagslífinu og næla sér í háskólagráðu sem nýtist í framtíðinni.“

Björg segir aðsóknina sérstaklega ánægjulega í ljósi aukinnar samkeppni en frá árinu 2002 hefur lagadeildin verið í samkeppni við þrjár aðrar lagadeildir: við Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Bifröst og Háskólann á Akureyri. „Við bjuggumst við því að nemendafjöldinn myndi ef til vill dreifast meira en í stað þess hefur áhuginn aukist og ljóst að lagadeildin heldur umtalsverðu forskoti,“ segir Björg glöð í bragði.

Hún segir lögfræðina góðan grunn fyrir hinar ýmsu greinar og að margir ráðamenn þjóðarinnar og forvígismenn stjórnmálaflokka hafi útskrifast frá lagadeild. „Eins nýtist námið víða í atvinnulífínu en lögfræðin kemur við nánast öll svið daglegs lífs hvort sem það er í starfi eða einkalífi.“

vera@frettabladid.is



Okkar ástkæra,

**Gunnlaug F. Olsen**

Kirkjuvegi 14, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fimmtudaginn 25. september. Hún verður jarðsungen frá Keflavíkirkirkju fimmtudaginn 2. október kl. 14.00.

Jón Kr. Olsen

Júlía S. Olsen  
Helga R. Taylor  
Henry Olsen  
Rut Olsen  
Gunnlaug Olsen  
Jóna Kr. Olsen  
Helgi Olsen

Jessie W. Taylor

Ingólfur Halldórsson  
Hólmar Gunnlaugsson

Kristján Helgi, Emelía Rut,  
Ásthildur Eva  
og aðrir afkomendur.



Ástkær systir mín og frænka,

**Hrund Tryggvadóttir**

frá Miðgerði,

andaðist miðvikudaginn 24. september 2008 á Dvalarheimilínu Hlíð. Útförin mun fara fram í kyrriþey. Fyrir hönd aðstandenda.

Björg Sigríður Tryggvadóttir  
Heiða Guðrún Vigfúsdóttir  
Hafðís Guðfinna Vigfúsdóttir.

## Legsteinar

í miklu úrvali



Steinmiðja

- Viðarhóla 1
- 110 Reykjavík
- ☎ 566 7878
- Netfang: rein@rein.is

REIN

## Hleranirnar í raun óþarfar

„Ég hallast að því að þær áhyggjur sem menn höfðu þegar lagst var í hleranir hafi kannski verið ástæðulausar þegar fram í sækir,“ segir Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur. Hann heldur erindi í fundaröð Sagnfræðingafélags Íslands í dag um ástæður hlerana í kalda stríðinu.

Guðni mun í erindi sínu rýna í ástæður þess að óskað var eftir og gefið leyfi fyrir hlerunum. „Ég ætla að reyna að færa umræðuna aðeins áfram. Menn hafa ýmist talið hleranir nauðsynlegar vegna mótmæla flokks sem hafði byltingu á stefnuskrá eða óþarfar og ólöglegar og innrás í einkalíf. Ég ætla að skoða hvert tilfelli fyrir sig og hvort ástæða hafi verið fyrir þeim ótta sem kallaði á hleranir eða ekki.“

Guðni segir oft erfitt að sjá samhengið á milli ótta við óspektir og hlerana hjá ákveðnum einstaklingum. „Það er óljóst af hverju sumir voru hleraðir. Í eitt skiptið virðist alnafni manns hafa verið hleraður fyrir misgáning og af einhverjum ástæðum var góður og gegn sjálfstæðismaður hleraður. Þá skilur maður ekki, fyrst leyfðar voru hleranir á annað borð, af hverju var ekki beðið um hleranir við önnur sambærileg tilefni.“

Guðni heldur erindi sitt í Þjóðminjasafni Íslands klukkan 12.05 í dag.

ÁSTÆÐULAUS ÓTTI Guðni telur að stundum hafi ótti sem kallaði á hleranir verið ástæðulaus.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



VEISLAN MÍN: KASTALINN KÆTTI

# Hélt tvöfalda afmælisveislu í sumar

Arna Kristín Einarsdóttir hélt tvöfalda afmælisveislu 27. júlí í sumar á fæðingardegri sonarins, Hilmar Starra Hilmarssonar. „Þá varð hann fjögurra ára en ég fertug nokkrum dögum seinna,“ segir hún og lýsir fyrirkomulaginu nánar. „Það var mjög gaman í veislunni og hoppkastalinn sem við leigðum gerði stormandi lukku, ekki síst meðal hinna fullorðnu. Hann var góð afsökun fyrir því að næra barnið í okkur. Það prófuðu hann flestir og ég held að móðir mín 60 ára hafi hoppað lengst og hæst.“ Arna kveðst eiga stóran

og góðan garð með gömlum trjám sem mikil viska streymi frá. Hann hafi myndað fallega umgjörð um fagnaðinn sem hafi staðið frá klukkan þrjú til miðnættis. „Það skapar sérstaka stemningu að halda veislu um þessa tíma sem ég fæddist á og flott kransakaka frá Sandholtsbakari. Veðrið var líka ótrúlega gott þennan dag, sólarlaust en hlýtt þannig að við sátum langt fram eftir kvöldi á pallinum sem maðurinn minn var nýbúinn að smíða.“



AFMÆLISBÖRNIN Mæðginin Arna og Hilmar Starri í góðum gir í hoppkastalanum með ungum veislugestum. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Elsta tré Alþingisgarðsins fallið



„Þetta var ábyggilega elsta tréð í garðinum og það lagðist bara út af,“ segir Bára Guðjónsdóttir, garðyrkjufræðingur og umsjónarmaður Alþingisgarðsins um riflega hundrað ára gráreyni sem féll í garðinum um helgina. Hún telur líklegt að þá sé fallið síðasta gráviðartréið sem Tryggvi Gunnarsson, alþingismaður og bankastjóri, lét gróðursetja í garðinum en Alþingi fól

Tryggva gerð garðsins árið 1893. Bára segir að gömlu trjánum í garðinum fækki nú óðum. Gráreynir geti orðið rúmlega 100 ára gamall svo tími hafi verið kominn á tréð sem féll um helgina. „Ræturnar náðu greinilega ekki djúpt og þegar yfirbyggingin verður svona mikil þá tekur tréð mikinn vind á sig og losnar,“ segir Bára. Hún gerir ráð fyrir að gróðursetja nýjan gráreyni í stað þess sem féll. „Garðurinn er annars í góðu ásigkomulagi enda er hann fjölsóttur.“

FRÁ ALÞINGISGARÐINUM Bára við þann stað sem gráreynirinn stóð, norðanvert í Alþingisgarðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Hjörtur Haraldsson**  
 vélstjóri,  
 Kleppsvegi 62, Reykjavík,

lést að heimili sínu laugardaginn 27. september. Útför fer fram frá Áskirkju föstudaginn 3. október kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er vinsamlega bent á líknarstofnanir.

Sigrún Haraldsdóttir	Jenny Irene Sörheller
Elsa Friedlaender	Kristbjörg Steingrimsdóttir
Haraldur Hjartarson	Linda Guðmundsdóttir
Walter Hjartarson	Klara Hansóttir
Porgeir Hjartarson	Dagný Oddsdóttir
Eyþór Hjartarson	
Jónas Hjartarson	

barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegt þakklæti til þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát, minningarathöfn og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og bróður,  
**Jóns Snæs Sigurjónssonar**  
 frá Snæhvammi í Breiðdal.

Guð blessi ykkur öll.

Hlíf Þ. Jónsdóttir	Helga Ágústína Lúðvíksdóttir
Sigurjón Jónsson	Reynir Loftsson
Guðný Elin Jónsdóttir	Jón Garðar Steingrímsson
Ingibjörg Guðlaug	Alejandro Arias
Ólafía Sigurjónsdóttir	
Jón Viðar Reynisson	
Hlíf Ágústa Reynisdóttir	
Jóna Snædis Reynisdóttir	
Solveig Sigurjónsdóttir	



Elskulegi faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,  
**Sigurjón Ingimarsson**  
 Víkurási 2, Reykjavík.

lést á Landspítalanum við Hringbraut, deild 11 E, 25. september. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Jónína Þóra Sigurjónsdóttir	Sveinn F. Sveinsson
Ingibjörg T. Sigurjónsdóttir	Salmann Tamimi
Katrín Sigurjónsdóttir	Sölvi Guðbjartsson
V. Lilly Sigurjónsdóttir	Páll Jóhannesson
Guðjón Þór Kristjánsson	Steinunn Guðmundsdóttir
Sigurósk G. Kristjánsdóttir	Egill Jón Kristjánsson

systkini, barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Sigurður Guðmundsson**  
 Aflagrandi 40,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi, fimmtudaginn 25. september. Útför hans verður frá Fossvogskirkju, föstudaginn 3. október, kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Styrktarfélag krabbameinsjúkra barna.

Ásgerður Gísladóttir

Hrafnhildur Sigurðardóttir	Brynjúlfr Sæmundsson
Gíslína Guðmundsdóttir	Haraldur Dungal
Ólöf og Axel, Ragnar, Sigurður Ásar, Hrafn og langafabörnin.	




Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Kristinn Ásgrímur Eyfjörð Antonsson**  
 Stafnaseli 4, Reykjavík

lést sunnudaginn 28. september á krabbameinsdeild 11E. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Hjördís Hjörleifsdóttir

Agnes Eyfjörð Kristinsdóttir	Eliás Óskarsson
Ástþóra Kristinsdóttir	Magnús Eiríksson
Anton Ásgrímur Kristinsson	Helga Sveinsdóttir
Hjörleifur Kristinsson	
Kristinn Ásgrímur Kristinsson	Hrund Grétarsdóttir
Hulda Sjöfn Kristinsdóttir	Jón Ólafur Jóhannesson

barnabörn, fjölskyldur og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,  
**Guðmundur F. Jónsson**  
 bílamálarameistari,  
 frá Hvammi í Dýrafirði,

til heimilis að Háaleitisbraut 123, Reykjavík, andaðist á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 21. september. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 3. október kl. 13.00.

Jón Guðmundsson Renate Gudmundsson  
 Gunnar B. Guðmundsson

Guðmundur Chr. Jónsson  
 Juliane Gudmundsson.



Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Svavar Fannald Torfason**  
 meistari í rafvélavirkjun  
 Grenilundi 12, Garðabæ,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 28. september.

Sólbjört Gestsdóttir

Hólmfríður Fannald Svavarsdóttir	Sigríður Guðjónsdóttir
Ingólfur Arnarson	
Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir	Jón Vilhjálmsson
Jóhanna Rósa Arnardóttir	

og fjölskyldur.



Elskulegur faðir okkar og tengdafaðir  
**Hermóður Sigurðsson**  
 setjari,

lést á Landspítala, Landakoti laugardaginn 27. september.

Inga Huld Hermódsdóttir Jóhannes Kristinn Kristinsson  
 Daði Þór Hermóðsson  
 Hávarr Hermóðsson  
 Bergljót Hermódsdóttir.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,  
**Snorri Sigfússon**  
 útgerðarmaður og síldarsaltandi,  
 áður til heimilis að  
 Gránufélagsgötu 48, Akureyri,

andaðist á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri, föstudaginn 26. september sl. Útförin verður auglýst síðar.

Brynjólfr Snorrason Jóhanna Júlíusdóttir  
 Ásgerður Snorradóttir Ingvi Þórðarson  
 Guðlaug Snorradóttir  
 Halldór Gunnarsson  
 barnabörn, langafabörn og langalangafabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Ragnheiður K. Þorkelsdóttir**  
 Sléttuvegi 19,

lést föstudaginn 26. september á Landspítalanum Hringbraut.

Þorkell Helgason Björg R. Sigurðardóttir  
 Hrafnhildur Helgadóttir Sigurður Geirmundarson  
 Sigfús Jón Helgason Sólrún Sigurðardóttir  
 Helga Helgadóttir Júlíus Jónasson  
 ömmubörn og langömmubörn



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Guðríður Petersen**  
 Hraunvangi 1, Hafnarfirði,

sem lést fimmtudaginn 18. september á líknardeild Landakotsspítala, verður jarðsöngun frá Víðistaðakirkju fimmtudaginn 2. október kl 13.00.

Elin Jóhannsdóttir Tryggi Ólafsson  
 Bryndís Petersen Leifur Jónsson  
 Jóhann Petersen  
 Pétur Jakob Petersen Auður Héðinsdóttir  
 barnabörn og barnabarnabörn.

**FRAMTÍÐAR SPENNUTRYLLIR Í ANDA BLADE RUNNER.**

FRUMSÝND 26 • 09 • 08  
VIN DIESEL  
**BABYLON A.D.**  
A FILM BY  
MATHIEU KASSOVITZ

SENDU SMS BTC BAB Á NÚMERIÐ 1900  
Vinningar eru bíómiðar, tölvuleikir, DVD myndir og margt fleira!

9. hver vinnur!

Vinningar veða afhendir hjá BT Smáralindu, Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn SMS og tölvuleikur. Þú krækir.

# Kraká

## í október

# frá aðeins kr. 39.990

**Fegursta borg Póllands!**  
- ótrúleg sértílböð  
\*\*\*

17. okt. - **UPPSELT**  
20. okt. - **UPPSELT**  
23. okt. - 24 sæti  
26. okt. - nokkur sæti laus  
30. okt. - 33 sæti  
3. nóv. - nokkur sæti laus  
6. nóv. - **UPPSELT**

### Frábærar ferðir – síðustu sætin!

Heimsferðir bjóða nú ótrúlegt tilboð á ferðum til Kraká í október og byrjun nóvember. Borgin er ein best varðveitta borg Póllands og er stór hluti hennar á minjaskrá UNESCO. Kraká er afar lífleg og skemmtileg borg sem heillar alla sem þangað koma. Fjöldi veitinga-húsa, bara, skemmtistaða og verslana er í borginni, ekki síst í kringum stóra markaðstorgið, Rynek Glowny, sem er nafli Kraká. Bjóðum frábært sértílböð á Hotel Major \*\*\* á öllum brottförum. - Ath. aðeins örfá herbergi í boði á þessum kjörum í hverri brottför. Fleiri gististaðir einnig í boði.

Frá kr. **39.990**  
- flug og gisting (3 eða 4 nætur)

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Major \*\*\* með morgunverði í 3 nætur, 3. nóv. Aukagjald fyrir einbýli kr. 12.000. Fjögurra náttu ferð 26. okt. kr. 5.000 auklega. Aukagjald fyrir einbýli kr. 16.000. Sértílböð - aðeins örfá herbergi í boði á þessum kjörum.

Frá kr. **49.990**  
- helgarferð (3 eða 4 nætur)

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Major \*\*\* með morgunverði í 3 nætur 23. okt. Aukagjald fyrir einbýli kr. 12.000. Fjögurra náttu ferð 30. okt. kr. 5.000 auklega. Aukagjald fyrir einbýli kr. 16.000. Sértílböð - aðeins örfá herbergi í boði á þessum kjörum.

**Heimsferðir**  
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000  
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á sliku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



### NOKKUR ORÐ Sunna Dís Másdóttir

## Spennandi tilraunastarfsemi


Ég ætla að gera tilraun. Hana ætla ég að framkvæma svo til hjálpartækjalaust, án þess að setja upp hlífðargleraugu. Fólk virðist hræðast þessa tilraun mína meira en það óttaðist CERN-bróltið um daginn og allar heimsendaspárnar.

Þegar sólin sest í kvöld er ég formlega atvinnulaus. Þetta finnst mér bæði spennandi og dálítið hræðilegt. Það virðist vera í eðli mannsins að þurfa og þrá öryggi, yfirleitt í formi fastrar vinnu. Ég hef hins vegar snúist á þá skoðun að dálitill skammtur af óskynsemi og meðfylgjandi öryggisleysi sé ómissandi. Ég er ung að árum, ekki bundin í báða fætur af börnum eða afborgunum. Ef ég stekki ekki út í öryggisleysið núna stekki ég eflaust aldrei.

Vissulega er þægilegt að vita nákvæmlega hvað næsta vika ber í skauti sér og að greiðslan inn á reikninginn berist fyrsta hvers mánaðar. Mér finnst hins vegar að fólk

ofurselji sig stundum vinnu til þess að hafa efni á að lifa. Það þarf bara ekki að kosta svona mikið. Ég þekki konu sem fyrir nokkrum árum var einstæð, tveggja barna móðir. Hún vann hálfan daginn, af því að hún tímdi ekki að missa af börnunum sínum. Hún átti minna en margir aðrir en hafði líka meiri tíma. Það er hægt að vera svo fastur í neyslu að maður gleymir að vera til. Að vinna sig í hel til þess að hafa efni á húsbíl sem er svo aldrei notaður, af því fólk er alltaf að vinna – hvers konar líf er það?

Ég ætla að prófa að vinna minna, kaupa minna, eiga minna, og sinna þá einhverjum af mínum hugðarefnum í þeim tíma sem ég hef yfir að ráða, sem er minn. Ég vona að tilraunin heppnist. Ef ekki tek ég til og byrja upp á nýtt. Með hlífðargleraugu.



## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

Þriðjudagur 30. september

→ Kvikmyndir

**RIFF Alþjóðleg kvikmyndahátíð** í Reykjavík stendur yfir til 5. okt. Nánari upplýsingar á [www.riff.is](http://www.riff.is).

→ Fyrirlestrar

**12.00 Röksemdir að láni** Dr. Rachael Lorna Johnstone flytur fyrirlestur í Háskólanum á Akureyri, L 201, Sólborg v/Norðurslóð.

**12.05 „Með því að óttast má ...“** Guðni Th. Jóhannesson heldur fyrirlestur um ástæður símhlerana í kalda stríðinu í fyrirlestrar-sal Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu.

→ Fræðsla

**20.40 Hagkvæmur rekstur og heimasæla** Hagnýtt fræðslukvöld í safnaðarheimili Laugarneskirkju. Bjarni Karlsson sóknarprestur, Margrét Sigfúsdóttir hússtjórnarkennari og Snorri Halldórsson kerfisfræðingur og bankamaður annast fræðsluna. Allir velkomnir og þátttaka ókeypis.



→ Ljósmyndasýningar

**Hjólín í Kína** Jóhann Hansen sýnir ljósmyndir í kaffihúsinu Bifröst í Háskólanum á Bifröst. Sýningin stendur til 18. okt. og er opin virka daga frá kl. 8.00 - 22.00

→ Myndlist

**Fjör í flæði** Gegga sýnir verk í Kaffitári, Stapabraut 7, Reykjanesbæ. Opíð mán. - föst. kl. 9.00 - 17.00 og lau. kl. 11.00 - 16.00.

Upplýsingar um viðburði sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is)



VERÐLAUNUÐ DANSSÝNING Sýningin Ambra hlaut nýverið Norsku gagnrýnenda-verðlaunin.

## Ina verðlaunuð

Norski danshöfundurinn Ina Christel Johannessen hlaut í síðustu viku Norsku gagnrýnendaverðlaunin fyrir verk sitt Ömbru sem hún samdi fyrir Íslenska dansflokkinn og dansflokkinn Carte Blanche í samvinnu við Listahátíð í Reykjavík og Listahátíðina í Bergen. Verkið var sýnt hér á Íslandi í byrjun sumars við góðar undirtektir gagnrýnenda og áhorfenda, og hefur síðan verið sýnt bæði í Bergen og í Ósló.

Ina Christel Johannessen er einn af áhugaverðustu danshöfundum Evrópu um þessar mundir. Hún samdi Ömbru í samstarfi við íslensku tónlistarkonurnar Kiru Kiru og Hildi Ingvaldardóttur Guðnadóttur ásamt Þjóðverjanum Dirk Desselhaus. Um 20 dansarar taka þátt í sýningunni ásamt myndarlegri beinagrind úr stórfelís hval.

Í umsögn sinni um Ömbru sagði dómnafnd Norsku gagnrýnendaverðlaunanna að verkið væri stór-sýning sem markaði sannkölluð tímamót fyrir listgreinarnar dans, tónlist og sjónræna sköpun. Dómnefndin sagði enn fremur að hreyfingar dansaranna ljæðu verkinu sífónískan blæ og að það myndi eflaust eiga sér langan líftíma. Ekki amaleg umsögn það.

Í fréttatilkynningu sem Íslenski dansflokkurinn sendi frá sér í til-efni verðlaunanna kemur fram ánægja með vel heppnað samstarf danshöfundar og dansflokka. „Ina og hennar samstarfsfólk sem og dansarar flokkanna beggja eru vel að þessum verðlaunum komin og erum við stolt af þessu vel heppnaða norræna samstarfi,“ segir Katrín Hall, listrænni stjórnandi Íslenska dansflokksins.

- vþ



## FJÖLBREYTT REKSTRARFORM Í HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU: TIL HVERS?

Ráðstefna 31. október á vegum Háskólans í Reykjavík haldin á Grand Hótel, Sigtúni kl. 8:30 - 12:00

**DAGSKRÁ:**

8.30 – 9.00 Móttaka ráðstefnugesta.

9.00 – 9.05 Opnun ráðstefnu: Þröstur Olaf Sigurjónsson, Háskólanum í Reykjavík.

9.05 – 9.15 Ásta Möller, alþingismaður og formaður heilbrigðisnefndar, flytur erindi um stefnu ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum.

9.15 – 9.40 Valgarð Sverrir Valgarðsson, Rannsóknarmiðstöð um einkaframkvæmd: What are they doing? - Private provision in health care in three neighbour countries.

9.40 – 10.05 Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, stjórnslufræðingur, Ph.D.: Governing the health care system within the framework of government new policy.

10.05 – 10.20 Kaffi

10.20 – 10.55 Jörgen Lindell, Nutek, Swedish Agency for Economic and Regional Growth: Profit, private delivery and patient choice - recent changes in Swedish health care.

10.55 – 11.30 Nigel Edwards, Policy Director of The National Health Service (NHS), UK: Market mechanisms for reforming healthcare.

11.30 – 12.00 Panel umræður. Fundarstjóri er Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, heilsuhagfræðingur. Þátttaka á ráðstefnunni sem fer fram á ensku, er ókeypis.

**Skráning er á [skraning@ru.is](mailto:skraning@ru.is)**

Frekari upplýsingar veitir Þröstur Olaf Sigurjónsson, Háskólanum í Reykjavík, 5996200.



sjáðu  
heyrðu  
lifðu

Fundarherbergi - Náðu athygli, náðu árangri

Rétt val á mynd-, hljóð og fjarfundarbúnað, vönduð uppsetning og einfalt stjórnviðmót er lykillinn að árangursríkum og afslöppuðum fundarhöldum. Þjóðum sérsníðnar lausnir fyrir allar stærðir fundarherbergja.

Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar í Hlíðasmára 3, 201 Kópavogi.



## &gt; ÖÐRUVÍSI NÁTTFÖT

Victoria Beckham sefur eingöngu í sokkum og hönskum. Það er þó ekki fyrir líkni, að hennar sögn, heldur er þar á ferðinni eitt helsta fegrunarráð hennar, þar sem hún smyr bæði hendur og fætur vel með þykku kremi áður en hún skriður upp í í bómullarhönskum og -sokkum. Eiginmaðurinn er hins vegar ekki jafn hrifinn. „Honum finnst ég klikkuð,“ segir frá Beckham.



**fólk**  
folk@frettabladid.is

## Syngjandi útvarpsmaður

„Í þessu lagi fær fólk að skygnast inn í hjartatetrið mitt,“ segir Ívar Halldórsson, útvarpsmaður á Bylgjunni og verslunarstjóri í Rúmfatalagernum, um lagið Fullkomna vera sem hann sendi nýverið frá sér. „Ég ákvað að syngja þetta lag sjálfur, að hluta til vegna þess að það er orðið allt of langt síðan ég þandi raddböndin síðast opinberlega hérlandis en þó aðallega vegna þess að mér finnst ég á einhvern óútskýranlegan hátt svo tengdur þessu lagi að ég tími ekki að láta neinn annan syngja það,“ bætir hann við.

Ívar er ekki alls ókunnur lagasmíðum því hann er höfundur lagsins Colors of Love sem var gefið út í tilefni af tuttugu ára afmæli ABC-barnahjálpar í flutningi Regínu Óskar. Einnig komst hann bæði í úrslit Landslagskeppninnar árið 1990 með laginu

Gluggaást, sem hann söng með Helgu Möller og í forkeppni Eurovision árið eftir þar sem hann átti tvö lög í keppninni. Í báðum tilvikum varð hann að lúta í lægra haldi fyrir Eyjólf Kristjánssyni tónlistarmanni sem vann Landslagskeppnina með laginu Álfheiður Björk og forkeppni Eurovision sigraði hann ári síðar með laginu Nína. Aðspurður útilokar Ívar ekki frekari þátttöku í sönglagakeppnum í framtíðinni.

„Kannski eigum við Eyjólfur eftir að mætast aftur í einhverri keppninni, það er aldrei að vita. Allt er þegar þrennt er,“ segir Ívar að lokum. Áhugasömum er bent á vefsíðuhans,myspace.com/ivarhalldorsson.

**SEMUR OG SYNGUR** Ívar hefur starfað á Bylgjunni í nokkur ár auk þess sem hann er verslunarstjóri hjá Rúmfatalagernum og semur tónlist.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**AMIINA** Hljómsveitin Amiina hefur tekið upp sína útgáfu af lagi Lee Hazlewood, Leather and Lace.

## Amiina með nýtt lag

Hljómsveitin Amiina hefur tekið upp eigin útgáfu af lagi bandaríska sveitasöngvarans Lee Hazlewood, Leather and Lace. Síðasta lagið sem Hazlewood tók upp áður en hann lést í fyrra var einmitt Hilli (At the Top of the World) með Amiinu.

Nýja lagið má heyrna á myspace-síðu Amiinu auk þess sem það verður gefið út á næstunni. Amiina er nýkomin heim eftir að hafa hitað upp fyrir Sigur Rós á tónleikaferð um Evrópu, Mexíkó og Bandaríkin. Hljómsveitin Parachutes hitar nú upp í hennar stað þangað til For a Minor Reflection tekur við kyndlinum í nóvember.

## Drew komin með kærasta

Drew Barrymore er komin með nýjan kærasta. Í júlí síðastliðnum slitu hún og leikarinn Justin Long sambandi sínu. Barrymore sást hins vegar láta vel að öðrum leikara í partýi í New York í vikunni, en þar er á ferðinni Ed Westwick sem gerir garðinn frægan í þáttunum Gossip Girl. Hann er 21 árs gamall en Drew varð 33 ára á árinu.

„Drew virtist svo hamingjusöm og Ed leit út eins og köttur sem komst í rjóma,“ segir einn sjónarvotta sem lýsir miklu kossaflensi hjá þarinu. Ekki er langt síðan Drew var orðuð við meðleikara Eds í Gossip Girl og meðleigjanda, Chace Crawford, en sá orðrómur virðist ekki hafa verið á rökum reistur.



**DANSMEYJAR** Hjördis Lilja Örnólfsdóttir og Unnur Elísabet Gunnarsdóttir dansarar skemmtu sér vel á tíu ára endurfundum krakkanna úr Buggy Malone. Álfrún Örnólfsdóttir leikkona er lengst til hægri á myndinni. Hún segir endurfundina hafa verið mjög skemmtilega.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Frábærir endurfundir Buggy Malone- krakkanna

Krakkarnir sem léku í söngleiknum Buggy Malone fyrir tíu árum hittust aftur um liðna helgi. Margir voru að hittast í fyrsta skipti síðan þau voru í sýningunni.

„Það var ótrúlega skemmtilegt og fyndið að koma þarna inn því suma hafði maður ekki séð frá því að við vorum í sýningunni fyrir tíu árum,“ segir Álfrún Örnólfsdóttir leikkona um endurfundi þeirra sem tóku þátt í söngleiknum Buggy Malone. Söngleikurinn var settur upp í Loftkastalanum árið 1998 í leikstjórn Baltasars Kormáks. Þar stigu margir ungir og efnilegir leikarar, dansarar og söngvarar sín fyrstu skref og hafa margir gert það gott á hinum ýmsu sviðum í seinni tíð. Þar á meðal var Þorvaldur Davíð Kristjánsson leikari, Halla Vilhjálmssdóttir leik-



Sigrún Huld Gunnarsdóttir og Tinna Finnbogadóttir dansarar voru hressar.

kona, Klara Ósk Elíasdóttir söngkona, Unnur Birna Vilhjálmssdóttir fegurðardrottning og Unnur Elísabet Gunnarsdóttir dansari.

Á föstudaginn var efnt til endurfunda á Kaffi Sólon þar sem bróðurpartur þeirra 32 krakka sem komu fram í sýningunni hittist og rifjaði upp gamla tíma. „Sumir strákanna höfðu nánast



Klara Ósk Elíasdóttir söngkona og Ásrún Lára Arnþórsdóttir voru dansmeyjar og léku ýmis hlutverk í Buggy Malone, en Kristín Ósk Wium Hjartardóttir lék eitt af aðalhlutverkunum.

vaxið um hálfan metra frá því í sýningunni,“ segir Álfrún og hlær. „Það var gaman að rifja upp þennan tíma og kynnst upp á nýtt. Margir af þeim sem komu fram í sýningunni eru ennþá að dansa, leika eða syngja og þó nokkuð margir hafa lagt fyrir sig hagfræði og viðskiptafræði,“ segir Álfrún.

alma@frettabladid.is

## Bruce spilar á Super Bowl

„Stjórinn“ Bruce Springsteen og hljómsveit hans, The E Street Band, mun spila í hálfleik á Super Bowl-úrslitaleik bandaríska ruðningsins í febrúar á næsta ári. Um frábæra kynningu er að ræða fyrir Springsteen enda horfðu rúmlega 148 milljónir Bandaríkjamanna á Tom Petty and the Heartbreakers spila í fyrra.

Á meðal annarra sem hafa spilað á þessu eftirsóttu augnabliki eru Prince, Rolling Stones, U2 og Paul McCartney. Tónleikarnir sem flestir muna þó vafalítið eftir voru þegar Janet Jackson beraði annað brjóst sitt árið 2004.



**SKRÍTNAR STÚLKUR** The Weird Girls Project tekur upp nýtt myndband fyrir Emillönu Torri á laugardaginn.

## Sápukulur í myndbandi

Listahópurinn The Weird Girls Project leitar nú að kalltæki og tæki sem framleiðir sápukulur vegna nýs myndbands sem hann ætlar að gera fyrir Emillönu Torri.

Tökur á myndbandinu, sem verður í leikstjórn Bretans Ali Taylor, hefjast næstkomandi laugardag og því þurfa þær stúlkur að hafa hraðann á ætli þær að hafa allt tilbúið í tæka tíð. Emilliana fær að hafa lítil sem engin afskipti af myndbandinu en þrátt fyrir það samþykkti hún gerð þess án þess að hika. Stúlkurnar í The Weird Girls Project fá hvorki að vita hvar myndbandið verður tekið upp né hvert þeirra hlutverk verður fyrr en samdægurs.

# LAGERÚTSALA

Lagerútsala í Faxafeni 11 (gamla Leikbæjarhúsinu)

Jólavörur, gjafavörur, servíettur, kerti og margt fleira. Tökum daglega upp nýjar vörur.

Opið frá 11 - 18 alla daga, líka um helgar.



**VERNDAR VEGGINN** Guðjón Rúnar Emilsson, eigandi Fígúru, hefur tekið ástföstri við vegginn góða og býður upp á fatnað með áprentuðum fígúrum af honum. Hann lokar í dag.

## Fígúra lifði í 500 daga

